


Steinunn Kristjánsdóttir

Geirsstaðir í Hróarstungu - stórbýli á landnáms- og söguöld

Niðurstöður fornleifarannsóknar Minjasafns Austurlands
sumarið 1997



1 m

S.K. 1998

Steinunn Kristjánsdóttir

Geirsstaðir í Hróarstungu - stórbýli á landnáms- og söguöld

Niðurstöður fornleifarannsóknar Minjasafns Austurlands
sumarið 1997

Skýrslur Minjasafns Austurlands IV

© Steinunn Kristjánsdóttir 1998.

Rannsóknin var fjármögnuð með styrk frá Rannsóknarráði Íslands og af Minjasafni Austurlands.

Skýrslu þessa má eigi afrita með neinum hætti án skriflegs leyfi höfundar.

Forsíðumynd: Þversnið af rúst kirkju á Geirsstöðum.

ISBN 9979-9287-2-7


Efnisyfirlit

| | |
|--|-----|
| INNGANGSORÐ..... | 4 |
| AÐFERÐAFRÆÐI..... | 6 |
| SAMSETNING JARÐLAGA | 9 |
| GREININGAR..... | 14 |
| ALDURSGREININGAR | 14 |
| AÐRAR GREININGAR..... | 16 |
| Beinagreiningar..... | 16 |
| Greining á samsetningu gólflegs..... | 17 |
| Viðargreiningar..... | 19 |
| FORNLEIFAUPPGRÖFTUR | 20 |
| KIRKJA | 21 |
| JÁRNSMIÐJA | 26 |
| SKÁLI | 29 |
| TÚNGARÐUR | 31 |
| TVÖ BYGGINGARSTIG: SMÍÐJA OG KIRKJA..... | 33 |
| FYRSTU ALDIR KRISTNI Á ÍSLANDI | 36 |
| KIRKJAN Á GEIRSSTÖÐUM..... | 37 |
| VÍSBENDINGAR UM TILVIST KIRKJUNNAR | 38 |
| MÖRK HEIÐNI OG KRISTNI..... | 41 |
| SAMANTEKT | 43 |
| EFTIRMÁLI | 44 |
| HEIMILDASKRÁ..... | 45 |
| FYLGISKJÖL | 49 |
| JARÐLAGASKRÁ..... | 50 |
| LJÓSMYNDASKRÁ..... | 51 |
| MUNASKRÁ | 57 |
| TEIKNINGASKRÁ | 59 |
| LJÓSRIT AF HREINTEIKNINGUM..... | 63 |
| LJÓSRITUÐ RÖNTGENMYND AF GJALLI..... | 99 |
| SKÝRSLUR VEGNA GREININGA | 100 |

Inngangsorð

Sumarið 1997 stóð Minjasafn Austurlands fyrir fornleifarannsókn á gömlu bæjarstæði í landi Litla-Bakka í Hróarstungu. Uppgröftur hófst í byrjun júnímánaðar og stóð til 8. ágúst. Veðrið gerði gröfum erfitt fyrir fyrstu vikurnar eftir að uppgröftur hófst en seinni hluta tímabilsins viðraði mjög vel til útivinnu. Rannsóknin gekk samkvæmt áætlun og þegar upp var staðið í lokin höfðum við mokað upp 60 tonnum af mold.

Rannsóknin hafði nokkurn aðdraganda. Sumarið 1996 fór fram frumrannsókn á vegum Minjasafnsins. Tilgangurinn með framkvæmd hennar var meðal annars að auðvelda val á stað til frekari rannsókna.¹ Rannsókuð voru sjö forn rústasvæði á Fljótsdalshéraði. Rústirnar í landi Litla-Bakka í Hróarstungu meðal þeirra. Lítið var vitað um rústirnar áður en frumathugun hófst en ljóst var, þegar að lokinni könnun, að staðurinn var mjög athyglisverður. Nafn bæjarstæðisins, sem rannsakað var í landareigninni, var þá óþekkt en það er nú kallað Geirsstaðir. Þegar heildarniðurstöður frumrannsóknarinnar lágu fyrir síðla hausts árið 1996 var ákveðið að rústirnar á Geirsstöðum yrðu rannsakaðar með fornleifauppgreiftri sumarið eftir.



Mynd 1. Unnið við uppgröft á Geirsstöðum sumarið 1997. Júnímánuður var mjög kaldur og hélt frost í jörðu fyrstu vikurnar eftir að rannsókn hófst. Ljósmynd: Sherry Curl.

Við uppgröftinn sumarið 1997 unnu fornleifafræðingarnir Sherry Curl frá Höfða á Völlum og Howell Magnús Roberts frá Reykjavík. Einn þjóðfræðinemi var ráðinn til rannsóknarinnar en það var Þórunn Hrund Óladóttir frá Hauksstöðum á Jökuldal. Páll

¹ Niðurstöður frumrannsóknarinnar á Fljótsdalshéraði sumarið 1996 voru birtar í skýrslunni *Landnámsbær, kirkja, rétt...* vorið 1997. Minjasafn Austurlands gaf út.

Þórisson bóndi á Lindarhóli í Hróarstungu vann við rannsóknina á vegum Tunguhrepps. Leonardo da Vinci stofnunin lagði til einn starfsmann, Libby Urquart, umhverfisfræðing frá Skotlandi. Anna Lís Guðmundsdóttir, jarðfræðingur á Árbæjarsafni, vann við uppgröftinn í vikutíma í júlí, auk þriggja sjálfboðaliða sem voru við uppgröftinn í einn til þrjá daga. Starfsmenn Minjasafnins, Björn Magni Björnsson og Helgi Valmundsson, aðstoðuðu við að girða rannsóknarsvæðið af. Helgi Elísson frá Hallfreðarstöðum aðstoðaði við að opna uppgrafrarsvæðið með gröfu, svo og að koma skúr starfsmannanna á sinn stað. Skúrinn var fenginn að láni endurgjaldslaust frá Héraðsskógum á Egilsstöðum.

Rannsóknin á Geirsstöðum er liður í stærri rannsókn, sem Minjasafn Austurlands hefur ráðist í, á trúarbrögðum Íslendinga fyrstu aldir byggðar hérlendis. Rannsóknunum verður framhaldið næstkomandi sumur. Kostnaður vegna rannsóknarinnar sumarið 1997 var að mestu greiddur með styrk frá Rannsóknarráði Íslands en Minjasafnið stóð straum af hluta hennar.

Niðurstöður fornleifarannsóknar liðins sumars benda til þess að á bæjarstæði Geirsstaða hafi staðið kirkja. Geirsstaðir er þó ekki þekkt sem kirkjujörð, hvorki fyrr né síðar, en svo virðist sem að kirkjan þar hafi verið reist seint á 10. öld og hún líklega lagst af á 12. öld, samkvæmt greiningum gjóskulaga² og kolefnisaldursgreiningu frá staðnum.³

Leifar kirkjunnar fundust í rúst I á bæjarstæðinu á Geirsstöðum. Við rannsókn á staðnum mátti greina eftirfarandi vísbendingar um tilvist hennar:

- Uppbygging bæjarstæðisins
- Aldur byggingarinnar
- Gryfja með mannabeinum
- Útlit byggingarinnar
- Áttahorf byggingarinnar
- Gólflög rústarinnar

Síðar í skýrslunni verður greint nánar frá ofangreindum atriðum, samhliða því sem skýrt verður frá rannsókninni á Geirsstöðum í heild.

² Magnús A. Sigurgeirsson 1997.

³ Steinunn Kristjánsdóttir 1997:45.


Aðferðafræði

Aðferðir við rannsóknir á fornleifum geta verið mjög mismunandi. Aðferðin ræðst oftast af gerð fornleifanna en einnig getur hún að hluta til mótast af stjórnanda rannsóknarinnar. Þess vegna er afar mikilvægt að skýra ítarlega frá viðhöfðum aðferðum við uppgröft í skýrslum viðkomandi rannsókna.

Grundvallaratriði aðferða við fornleifarannsóknir eru þó yfirleitt þau sömu. Fyrst eru fornleifarnar mældar upp. Síðan er búið til hnitakerfi fyrir svæði fornleifanna og unnið við gröftinn eftir því. Gripir, sýni og aðrir fundir eru skráðir í munaskrá samkvæmt staðsetningu þeirra í hnitakerfi rannsóknarsvæðisins. Hæð er tekin á hverjum þeirra fyrir sig með hæðarmæli. Viðmiðunarhæðin er reiknuð út frá föstum punkti, sem getur bæði verið búinn til sérstaklega fyrir rannsóknina, eða þekktum hæðarpunkti sem miðast við sjávarmál. Ef fyrrnefnda aðferðin er notuð kemur eingöngu fram hæð rústarinnar innbyrðis.

Ýmist er hægt að grafa sig niður í gegnum rústirnar í flötum lögum í fyrirfram ákveðnum þykktum eða með því að fylgja hverju jarðlagi fyrir sig eins og þau liggja í jarðveginum. Í báðum tilvikum þarf að fylgjast vel með hæð hvers lags fyrir sig og jafnframt hæð sérhvarrar jarðvegsbreytingar. Yfirborð hvers lags er síðan teiknað nákvæmlega og allar breytingar í jarðveginum látnar koma fram þar.

Við teiknivinnuna verður að nota millimetrappír, til að hlutföll jarðlaganna haldist rétt. Flatarteikningar eru yfirleitt teiknaðar í mælikvarðanum 1:20 en sniðteikningar í mælikvarðanum 1:10 og ef um sérstakar breytingar í jarðvegi er að ræða, eins og kolagryfjur, eldstæði, sáför, o.s.frv. Teikningarnar geyma mikilvægustu upplýsingar rannsóknarinnar. Í þeim eru rústirnar varðveittar eftir uppgröft. Þess vegna er afar mikilvægt að vanda teiknivinnuna eins og mögulegt er og teikna oft. Einnig er mikilvægt að taka ljósmyndir af hverju teiknilagi, til enn frekari varðveislu á upplýsingum frá uppgreftinum.



Mynd 2. Snið úr könnunarskurði, sem var tekinn framan við uppgreftarsvæði rústar I. Númerin vísa til jarðlaga.

Það getur oft reynst erfitt að fylgja hverri jarðvegsbreytingu fyrir sig við uppgröft, ef jarðlögum er fylgt í mismunandi hæðum. Jarðlögin eru oft mjög lík. Þau geta einnig verið mjög flókin, ef byggingin hefur verið endurbyggð oft eða gert við hana á meðan hún var í notkun. Á Geirsstöðum fór uppgröfturinn því fram með greftri í flötum lögum, fimm sentimetra þykkum í senn.

Fylgst var með þykkt laganna í hæðarmælitæki. Í hverju uppgröfnum lagi gátu verið margar gerðir af jarðlögum, s.s. torf, hleðslur, fokmold. Með þessum hætti var ætlunin að reyna að ná þverskurði af rústinni og fylgja breytingum á lögnum síðar með því að leggja teikningarnar saman, að uppgreftri loknum. Sérhvert jarðlag fékk eigið númer en hin fimm sentimetra þykku lög voru kölluð teiknilög. Þau fengu einnig eigin númer, ákvörðuð eftir því hvar teikningin var gerð. Hvert teiknilag gat því m.ö.o. innihaldið mörg jarðlaganúmer, eins og áður sagði. Skrá yfir jarð- og teiknilög er að finna aftast í skýrslunni.

Fornleifarannsóknin á Geirsstöðum, sumarið 1997, miðaðist fyrst og fremst við uppgröft á aðeins einni rúst⁴ á bæjarstæðinu. Hún var auðkennd sem rúst I. Uppgrafrarsvæði rústarinnar var skipt í fimm hluta, eingöngu til að auðvelda uppgröft en svæðið var mjög stórt í byrjun (mynd 3). Eftir því sem neðar dróg við uppgröftinn á rústinni minnkaði svæðið, vegna þess að jarðvegur var að mestu óhreyfður umhverfis hana. Í fyrstu þurfti að teikna fimm teikningar fyrir hverja fimm sentimetra til að ná uppdrætti af öllu svæðinu en í neðstu lögnum fækkaði teikningunum í þrjár fyrir allt svæðið.

Þau svæði sem virtust vera “óhreyfð”, þ.e.a.s. ekki röskuð af mannavöldum, voru könnuð með jarðbor⁵ svo fullvíst væri að engin merki mannvistar leyndist þar undir. Það getur nefnilega stundum verið erfitt að greina á milli fokmoldar, sem leggst á yfirborð jarðar eftir að byggt er á svæðinu, og óhreyfðs jarðlags, sem liggur undir tímamörkum byggðar í landinu. Þetta á sér í lagi við um löngu aflagða byggð.

Efsta jarðlagið af rúst I á Geirsstöðum var fjarlæggt með gröfu. Þetta var gert til að spara tíma og erfða vinnu. Gjóskulag frá Veiðivötnum árið 1477 lá í svo þykku lagi yfir rústinni að tiltölulega auðvelt reyndist að fletta eingöngu yfirborðstorfunni af, sem rifnaði laus við gjóskulagið. Leikni gröfumannsins skipti hér einnig miklu máli. Þegar lokið var við að taka efsta jarðlagið af rústinni, var yfirborð hennar því þakið Veiðivatnagjóskunni. Þá var hafist handa við hinn eiginlega uppgröft.


Byrjað var á toppi rústaveggjanna, sem stóðu hæst á yfirborðinu. Eftir hverja fimm grafna sentimetra á hverju svæði var yfirborð teiknað og ljósmyndað, eins og venja er. Ljósmyndirnar voru skráðar jafnóðum í þar til gerða ljósmyndaskrá, sem birt er hér aftast í skýrslunni. Hver grafari hélt einnig dagbók um uppgröft á eigin svæði. Í dagbækurnar var allt skráð; framkvæmd hvers dags fyrir sig, veðurfar, fundir, teikningar, sérstakar athugasemdir eða uppgötvanir.

Þrjár könnunarskurðir voru teknir, að auki við uppgröftinn á rúst I, á bæjarstæði Geirsstaða sumarið 1997. Sá fyrsti var tekinn í túngarðinn, annar í langhúsrúst um 100 metrum sunnan við rannsaða rúst og sá þriðji tveim metrum fyrir framan rúst I. Tveir fyrstnefndu skurðirnir voru einn metri á breidd og þrjár metrar á lengd. Þeir voru gerðir til aldursgreiningar, svo og til að sjá gerð viðkomandi bygginga. Sá síðastnefndi

⁴ Rúst I á bæjarstæðinu. Sjá má uppbyggingu þess nánar á mynd 11, bls 21.

⁵ Rör, holt að innan, með lítilli rifu eða glugga á hlið. Við sýnatöku er rörinu stungið niður í jörðina, 20 cm í einu. Við það skerst snið úr jarðveginum undir yfirborðinu og situr það eftir í rörinu. Sýnið er síðan skoðað í rifunni eða glugganum. Rörinu er svo stungið aftur niður í sömu holuna, ef þurfa þykir, til að fá sýni af næstu 20 cm og síðan koll af kalli.

var tveir sinnum tveir metrar á stærð og gerður til að kanna hvort um væri að ræða áframhald á minjum fyrir framan rúst I.



Mynd 3. Hnitakerfi á uppgrafrarsvæði rústar I. Númer teiknilaga á hverju svæði fyrir sig, koma hér fram.

S. K. 1997

Eftir að uppgrefti lauk voru teikningarnar lagðar saman og gerðar hreinteikningar eftir þeim. Frumteikningar úr rúst I urðu 120 talsins, samanlagt af öllum svæðunum fimm. Þrjár þeirra, tvær flatarteikningar og ein sniðteikning, voru gerðar af könnunarskurðinum fyrir framan rústina. Ein sniðteikning var einnig gerð eftir endilöngu rannsóknarsvæðinu í gegnum rústina. Gerð var ein flatarteikning og fjórar sniðteikningar úr könnunarskurði langhúsrústar, sem og úr könnunarskurðinum sem tekinn var í túngarðinn. Ennfremur voru allar rústir býlisins, svo og túngarður, teiknaðar upp á eina heildarteikningu.

Samsetning jarðlaga

Samsetning jarðlaga í rúst I á Geirsstöðum var tiltölulega einföld. Hægt var að greina á milli 23 gerða af mismunandi jarðvegi á uppgraftrarsvæði hennar. Oft reyndist þó afar erfitt að greina á milli nokkurra jarðlaga þar. Í mörgum tilfellum er líklegt að um sé að ræða sömu lögin, sem smitast af mismunandi jarðvegi laganna umhverfis þau og breyta þar með litaráferð þeirra. Sum jarðlaganúmerin voru því sameinuð hvor öðru á meðan á uppgreftri stöð, þó þeim hafi verið gefið sitt hvort númerið í upphafi.

Við uppgröftinn bar mest rótuðu torfi⁶, jarðlag nr. J 3, en lagið lá yfir nánast allri rústinni. Þarna var greinilega um að ræða torf úr þaki hússins og eins líklega torf sem var notað við gerð veggja þess. Yfir J 3 lá fokmold, jarðlag nr. J 4, blönduð þykkum gjóskulögum úr tveimur gosstöðvum, þ.e. Veiðivötnum og Örafajökli. Úr Veiðivatnagosstöðinni mátti greina tvö gjóskulög frá árunum 1410 og 1477, og eitt úr Örafajökulsgosstöðinni frá árinu 1362. Í grasrótinni yfir rústinni mátti einnig greina örþunnt, slitrótt lag af gjósku úr Öskjugosi frá árinu 1875. Gjóskulög úr Veiðivötnum fengu eitt sameiginlegt jarðlaganúmer, J 1, því þau eru nánast eins en Örafajökulsgjóskan fékk númerið J 2.

Gjóskulögin frá Veiðivatnagosstöðinni og frá Örafajökli voru mjög þykk á köflum, allt að 8 cm. Gjóskuna hafði greinilega skafið í lautir og dældir við og í rústinni, eftir að hún féll saman. Örafajökulsgjóskunni, sem er gráhvít á lit, mátti sumsstaðar líkja við snjóskafila að vetrarlagi, svo þykk var hún. Undir rústinni lágu einnig þrjú önnur þykk gjóskulög. Þar var hin svokallaða Landnámsgjóska úr Grímsvötnum frá árinu 871⁷ og lágu neðstu hleðslur byggingarinnar á henni. Þar enn neðar mátti greina tvö forsöguleg gjóskulög, trúlega frá Heklugosum fyrir nokkur þúsund árum. Landnámsgjóskan fékk jarðlaganúmerið J 9 en forsögulegu gjóskulögin fengu eitt sameiginlegt jarðlaganúmer, J 5.

Jarðlögin J 11 og J 13 voru einnig mjög áberandi á uppgraftrarsvæðinu. Mest bar á þeim fyrir framan rústina að vestanverðu. Þessi lög samanstóðu af rótuðum jarðvegi, torfi og fokmold utan við rústina sjálfa. Jarðlag J 21 var og sömu gerðar. Jarðvegsrótið hefur trúlega komið til vegna ferða manna utan við rústina eftir að húsið var tekið í notkun eða þegar það var byggt. Það var sérstaklega erfitt að greina á milli þessara þriggja jarðlaga og oft var munurinn á milli þeirra lítill. Jarðlag J 22 var enn fremur sömu gerðar og því sameinað jarðlagi J 11 við úrvinnslu á teikningum en hinar jarðlagagerðirnar tvær héldu sínum númerum áfram.


Hlaðnir langveggir rústarinnar stóðu enn uppi að hluta til, þegar uppgröfturinn var gerður. Þeir voru eingöngu gerðir úr torfi, líklega byggðir með svokallaðri strengjatækni. Strengjatorfið fékk jarðlaganúmerið J 12. Reglulegt strengjatorf eða klömbrutorf varðveitist oftast mjög vel í sinni upprunanlegu mynd í íslenskum jarðvegi og er yfirleitt mjög greinilegt þar fyrir litríki og samsetningu. Fyrir framan rústina á Geirsstöðum mátti einnig greina lítil afmörkuð svæði með torfi í þunnum lögum. Þessar torfur eru líklega leifar frá fyrsta byggingarstigi hússins en því var

⁶ Með rótuðu torfi er átt við torf sem hefur verið notað til byggingarinnar en hefur síðan færst til í jarðveginum í tímans rás.

⁷ Landnámsgjóskan er ýmist tímasett til ársins 870 eða 871. Hér eftir verður miðað við árið 871 þar sem aldur landnámsgjóskunnar er nefndur.

greinilega breytt einu sinni á meðan það var í notkun. Um byggingarstigin tvö verður fjallað nánar síðar í skýrslunni.

Húsið hefur verið mikið niðurgrafið. Svo virðist sem að fyrst hafi verið hlaðnir upp tveir veggir úr streng og stæði hússins þar með ákvarðað. Veggirnir voru, hvor um sig, gerðir úr tveimur hleðslum, með um meters bili milli hleðslna í hvorum vegg, svo þeir hafa einna helst líkst nútíma steypumótum. Hleðslurnar voru síðan fylltar með jarðvegi sem var mokað innan úr húsinu eða frá næsta nágrenni. Uppfylliefnið gæti hafa verið tekið skammt norðan við rústina, því þar var djúp gryfja. Með því að moka innan úr húsinu urðu veggir hússins hærrí á einfaldan hátt. Áður fyrr var einnig talið að það yrði hlýrra innandyrna ef fyllt væri í veggum með þessum hætti.⁸ Uppfylliefnið var kallað J 6 við uppgröftinn en þetta má sjá nánar á myndinni hér að neðan.




Mynd 4. Hugsanleg uppbygging rústar I. Á teikningunni kemur uppfylliefni veggjanna skýrt fram, svo og skipting nokkurra jarðlaga í rústinni.

Í uppfyllingarefni veggjanna mátti greina óhreyfðan rótaðan jarðveg með flekkjum forsögulegrar gjósku. Með óhreyfðum jarðvegi er átt við náttúrulegan jarðveg sem hefur sérstaka áferð og samanstendur af fokmold frá tímaskeiðum fyrir mannaferðir í landinu. Þessi jarðvegur fékk númerið J 10 við uppgröftinn á rúst I á Geirsstöðum. Þessi jarðvegur er stundum kallaður náttúrulegur jarðvegur og er oft ruglað saman við fokmold sem hefur myndast á yfirborði jarðar eftir mannvist í landinu, eins og drepíð er stuttlega á hér að ofan.

Það getur verið afar erfitt að segja til um hver hæð hússins var, þegar það var byggt, því byggingarefni þess hefur þjappast saman í tímans rás. Til gamans má giska á að veggirnir hafi verið um 170 cm á hæð, niðurgröfturinn innan úr húsinu gæti hafa verið um 80 cm og hlaðnir veggir um 90 cm. Við uppgröft mældist strengjahleðslan um 50 cm og óhreyfði stabbinn rúmí 60 cm en gera má ráð fyrir að torfið hafi þjappast meira saman í tímans rás en óhreyfði jarðvegurinn. Það er ennfremur afar erfitt að segja til

⁸ Jónas Jónasson 1961:443.

um uppbyggingu þaksins en stoðarsteinarnir í gólfinu benda til þess að það hafi verið borið af að minnsta kosti þremur þörum af stólpum.



Mynd 5. Gólfslag rústar I, byggingarstig 2. Sex stoðarsteinar lágu þar í tveimur röðum.

Nánast allt tréverk var horfið úr byggingunni. Líklega hefur viðurinn verið notaður til bygginga á öðru húsi í nágrenninu eða hann notaður í eldivið, eftir að notkun hússins var hætt. Þegar leið á miðaldir fór timburskortur, bæði til bygginga og brennslu, að verða algengur og af þessum sökum allt notað timbur nýtt aftur ef mögulegt var. Forvörðurinn Kerstin Griffin, sem gerði greiningar á samsetningu gólfslagsins í rústinni, telur greinilegt að byggingin hafi verið rifin skömmu eftir að hætt var að nota hana.⁹ Það getur hafa verið gert til að ná timbrinu úr henni. Ekki vottaði fyrir neinni framhlið úr torfi á húsinu og því má geta sér til um að hún hafi verið úr timbri. Einu leifar timburs fundust framan við syðri langvegg rústarinnar og gætu þær hafa tilheyrð framhlið hússins, sem nú var horfin.

Á um 12 fermetra svæði sunnan við rústina var jarðlag með ösku og viðarkolum, kallað J 7 við uppgröftinn. Greinilegt er að þarna hefur bruni átt sér stað, líklega þegar

⁹ Munnlega upplýsingar, febrúar 1998.

byggingin var enn í notkun.¹⁰ Erfitt er að segja til um hversu mikill bruninn hefur verið en askan greindist á nokkuð afmörkuðu svæði. Eldurinn hefur þó augljóslega læst sig í þak hússins.

Undir rústinni var annað brunalag, sem var allt annars eðlis. Það fékk jarðlaganúmerið J 16 og innihélt ösku, viðarkol, gjall og bráðið járn. Þetta jarðlag tengdist fjórum kolagryfjum, sem fundust undir gólfi rústarinnar og fyrir framan hana. Gryfjurnar hafa verið notaðar við vinnslu á járn. Við eina af kolagryfjunum fjórum var móöskuflekkur á vel afmörkuðu svæði. Móaska, J 20, fannst ekki annarsstaðar á rústasvæðinu.¹¹

Gólflag rústar I var mjög vel afmarkað og sýndi innri umgjörð síðara byggingastigs hússins skýrt og greinilega. Af gólfluginu að dæma var byggingin um 3 metrar á breidd og rúmfr 6 metrar á lengd. Á um eins meters löngum kafla mældist austurendi gólfsins aðeins 1 ½ metri á breidd, og myndaði þar með einskonar kór. Gólflagið fékk jarðlaganúmerið J 15. Á tveimur ca. 30 x 30 cm og 10 cm djúpum blettum fundust torfflekkir, J 18, undir gólfluginu. Líklega hefur þar verið fyllt í náttúrulegar holur undir gólfluginu til að gera yfirborð sléttara.

Fyrir framan húsið, að vestanverðu, var jarðvegur mjög þjappaður og líktist gólfluginu inni í rústinni. Það gæti hafa myndast vegna ferða fólks þar. Fyrir framan syðri langvegg hússins fannst enn eitt jarðlagið, nr. J 23, sem var einnig þjappað eins og gólflagið en með annað innihald. Líklega er hér um stíg að ræða, sem hefur legið að inngangi hússins. Engin aska, kol eða leifar eftir matargerð fundust í gólfluginu. Jafnframt er ljóst að húsið hefur verið óupphitað.

Sunnan við rústina fannst skýrt afmörkuð gryfja með leifum mannabeina¹², jarðlag J 14. Í jarðlaginu fundust einnig örsmáar viðarflísar og stöku steinvala. Sumstaðar mátti greina hvíta flekki í jarðlaginu. Þeir minntu á morkin bein. Gryfjan var um 50 cm djúp. Hún hefur líklega verið dýpri í upphafi, því jarðvegur hefur án efa þjappast þó nokkuð saman í tímans rás, eins og áður sagði. Gryfjan náði dýpra niður í jörðina en niðurgrofturinn innan í rústinni. Dýpt hennar var á við dýpt kolagryfjanna, sem fundust undir gólflagi rústarinnar. Lengd gryfjunnar var 2 metrar og breiddin mældist 1 ½ metri.

Neðarlega meðfram útlínum gryfjunnar varð jarðvegurinn fitugur og var botn hennar þakinn gráu fitulagi, sem fékk jarðlaganúmerið J 17. Svipað fitulag, sem þó var leirkendara og brúnna á lit en fitulagið í gryfjunni, fannst einnig við einfalda steinahleðslu framan við rústina að sunnverðu. Þetta fitulag fékk jarðlaganúmerið J 19. Lagið var það nálægt gryfjunni að vel getur verið að það hafi runnið frá henni í farvegi meðfram steinahleðslunni.

Fyrir framan rústina, og eins á einum stað inni í henni, fundust steinahleðslur, sem ekki tengdust veggjum hennar. Fyrir framan rústina voru hleðslurnar tvær í nokkuð beinum línunum frá báðum langveggjum hennar. Hleðslurnar voru gerðar úr einfaldri röð steina í einni hæð og tilheyrðu líklega byggingarstigi 1. Þétt upp við nyrðri

¹⁰ Magnús Á. Sigurgeirsson (1997:2) telur þó brunalagið vera til komið stuttu eftir að notkun byggingarinnar var hætt, samkvæmt greiningu jarðlaga í austursniði rústar. Aftur á móti kom í ljós blöndun á torfi og brunalaginu á stöku stað við uppgröftinn, sem bendir til þess að húsið hafi verið í notkun þegar bruninn átti sér stað. Það er samt sem áður erfitt að fullyrða nokkuð um það, því torfur úr rústinni gætu hafa fallið yfir brunalagið eftir að húsið var farið í eyði.

¹¹ Send voru viðarkol frá báðum kolajarðlögunum, J 7 og J 16, til kolefnisaldursgreiningar. Niðurstaðna er fyrst að vænta á haustmánuðum 1998.

¹² Dr. Eva Klonowski greindi beinin sem mannabein. Sjá má greinargerð hennar sem fylgiskjal aftast í skýrslunni.

langveggin að innanverðu í rústinni fannst þriðja hleðslan. Hún var rúmir 3 metrar á lengd, byggð í þremur hæðum.



Mynd 6. Gryfja með mannabeinum fannst við syðri langvegg rústar I. Myndin sýnir botnlag gryfjunnar. Ljósmynd: Þórunn Hrund Óladóttir.

Það er umhugsunarefni hversu mikill munur er á gerð jarðlaga milli svæða á rannsóknarsvæðinu, þar sem svæðaskiptingin var einingis gerð af handahófi til hagræðingar við uppgraftrarvinnuna. Rannsóknarsvæðinu var skipt upp þannig að hver hluti þess miðaðist við eitt teikniblað af stærðinni A3.¹³ En helstu breytingar á byggingarlagi rústarinnar urðu einmitt við skilin á milli teikniblaðanna. Þessi staðreynd vekur okkur til umhugsunar um það hvort grafararnir sjálfir geti haft umtalsverð áhrif á uppgraftrarniðurstöður, því hver grafari gróf alltaf á sama svæðinu allan tímann.

Þetta er atriði sem án efa þarf að gefa gaum við uppgröft og mætti leysa með því að ráða náttúru- eða jarðfræðing til uppgraftrarins. Hann gæti greint á einfaldan hátt á milli jarðlaga með sérstakri athugun á innihaldi hvers þeirra fyrir sig.

¹³ Sjá mynd 3, bls 8, til nánari glöggvunar á skiptingu svæðisins.

Greiningar

Eftir uppgraftrarvinnu á Geirsstöðum sumarið 1997 voru ýmiskonar greiningar gerðar. Gjóska og kol voru notuð til aldursgreininga. Viður var greindur vegna athuganna á framhlið hússins og bein voru greind til að athuga hvort um væri að ræða mannabein eða dýrabein. Ennfremur voru gerðar greiningar á plöntum og fræjum í gólflagi rústarinnar til að reyna að varpa ljósi á notkun byggingarinnar. Gjall var röntgenmyndað og greint. Hér á eftir verður skýrt nánar frá greiningunum en niðurstöður hafa enn ekki borist frá sumum þeirra.

Aldursgreiningar

Gjóskulög voru mjög skýr og greinileg á öllu rústasvæði Geirsstaðabæjarstæðisins. Því var tiltölulega auðvelt að nota þau til aldursgreininga og gerði jarðfræðingurinn Magnús Á. Sigurgeirsson greiningar þar að lútandi. Niðurstöður hans eru birtar, sem fylgiskjal, aftast í þessari skýrslu en í stuttu máli eru þær þessar.

Magnús greindi fimm gjóskulög frá sögulegum tíma í rúst I. Efst í sniði rústarinnar var gjóskulag úr Öskjugosi frá 1875, þá komu tvö gjóskulög úr Veiðivatnagosum frá 1477 og 1410. Þar fyrir neðan greindi hann gjóskulag úr Örafajökulsgosinu árið 1362 og að síðustu landnámslagið svokallaða frá 871 +/- 2 ár.¹⁴

Magnús segir að gjóskulagið úr Örafajökulsgosinu frá 1362 liggja frá 5 cm upp í 15 cm ofan við rústina. Hann bætir því við að rústin liggja aftur á móti 5-12 millimetra ofan við landnámslagið frá 871. Magnús telur líklegt að aldur rústarinnar liggja nær fyrrnefnda ártalinu en hinu síðara og dregur þá ályktun af þessu að rústin sé frá tímabilinu 900-1100 e. Kr. Hann bendir jafnframt á að hann telji að kolalagið, sem lá yfir rústinni að sunnanverðu, hafi komið til nokkru eftir að húsið var í notkun.¹⁵

Magnús kannaði einnig gjóskulög í könnunarskurði rústar II, sem er rúst skálans. Hann segir gjóskulög þar vera þau sömu og í rúst I. Afstaða á milli þeirra er einnig sú sama í báðum rústunum, samkvæmt greiningum Magnúsar. Hann segir þá að rústirnar séu líkast til frá sama tíma, þ.e. 900-1100 e. Kr.¹⁶ Rétt er að geta þess hér að gjóskulögin í túngarðinum voru einnig þau sömu og í rústunum tveimur, sem sagt er frá hér að ofan.

Dr. Margrét Hermanns-Auðardóttir, fornleifafræðingur, bauðst til að láta kolefnisaldursgreina sýni frá rannsókninni Minjasafninu að kostnaðarlausu.¹⁷ Margrét leiðir samnorraent verkefni um byggð og tímatal í löndunum við Norður-Atlantshafið og ætlar að nota niðurstöður greiningarinnar við verkefni sitt, samtímis sem það nýtist rannóknunum á Geirsstöðum.

Margrét fékk þrjú viðarkolssýni frá rannsókninni, nr. MA 96/46, MA 97/16 og MA 97/55. Sýnin voru tekin úr kolagryfju nr. 2 og 4, og einnig úr brunalaginu sem lá sunnan við rúst I. Margrét tók ennfremur eitt sýni sjálf, einnig viðarkol, til viðbótar hinum um 400 metrum austan við rústina á svæði utan túngarðs Geirsstaðabýlisins,

¹⁴ Magnús Á. Sigurgeirsson 1997:1.

¹⁵ Magnús Á. Sigurgeirsson 1997:1-2.

¹⁶ Magnús Á. Sigurgeirsson 1997:2.

¹⁷ Eftirfarandi upplýsingar eru fengnar munnlega frá Dr. Margréti Hermanns-Auðardóttur.

þar sem greina má ummerki járnvinnslu. Niðurstöður úr greiningu á tveimur þessara sýna hafa nú þegar borist en niðurstöðum úr greiningu á tveimur þeirra er ekki að vænta fyrir en á haustdögum 1998.



Mynd 7. Gjóskulög voru mjög skýr og greinileg í rústum Geirsstaðabýlisins. Myndin sýnir dökkt lag gjósku úr Veidivatnagosum árin 1410 og 1477, svo og ljóst gjóskulag úr Öræfajökulsgosi árið 1362. Ljósmynd: Þórunn Hrund Óladóttir.

Niðurstöður eru þær helstar að sýnið sem var tekið við járnvinnslusvæðið austan við rústina gaf til kynna aldurinn 1040 +/- 45 BP, sem umreiknað þýðir AD 985-1015. Þarna er greinilega um að ræða leifar frá járnvinnslu, sem hefur farið fram á sama tíma og Geirsstaðabýlið var í byggð. Þetta svæði var eins og áður sagði utan við túngarð Geirsstaðabýlisins og var því ekki rannsakað nánar nú. Þetta er eftir sem áður athyglisvert til nánari skoðunar, t.d. hvort þarna hafi járnvinnsla átt sér stað undir berum himni eftir að hætt var að nota smiðjuna á Geirsstöðum til járnvinnslu.

Hitt sýnið, sem búið er að greina, var tekið úr kolagryfju nr. 2 er fannst undir gólflaginu í rúst I á Geirsstöðum. Það gaf svipaðar niðurstöður en þó aðeins hærri aldur. Niðurstöðurnar voru 1060 +/- 40 BP, sem gefur aldurinn AD 970-1015. Litlu munar í aldri á þessum tveimur sýnum en samkvæmt jarðlagasamhengi í rúst I má draga þá ályktun að það hafi verið hætt að nota kolagryfju nr. 2, sem og hinar kolagryfjurnar þrjár sem fundust undir rústinni, á síðari hluta 10. aldar.

Oft getur verið mjög erfitt að nota viðarkol til nákvæmra aldursgreininga, vegna þess að greiningin sýnir aðeins hvenær viðkomandi tré var fellt en ekki hvenær það var notað. Af þessum sökum gefa niðurstöður úr kolefnisaldursgreiningum á viðarleifum oft hærri aldur en greiningar á t.d. beinum. Best að nota því bein, manna eða dýra, til

nákvæmra aldursgreininga.¹⁸ Auk þess sem eigin aldur beina er oftast lægri en eigin aldur trjáa, sem jafnframt hefur áhrif á niðurstöðurnar.¹⁹

Þegar frumrannsóknin fór fram á rúst I á Geirsstöðum fannst mannabein sem var sent til kolefnisaldursgreiningar. Greiningin gaf niðurstöðuna 1090 +/- 60 ár, sem þýðir að aldurinn á beininu sé á bilinu AD 855-1035. Í framhaldi af því var reiknaður út líkindaaldur þess, þ.e. hver líklegasti aldur beinsins sé á uppgefnu tímabili. Samkvæmt útreikningnum er mannabeinið, sem fannst í gryfjunni við rústina, frá árinu 980 e. Kr.²⁰ Rétt er að geta þess að útreikningar á líkindaaldri eru umdeildir og því ber að taka niðurstöðum samkvæmt þeim með nokkrum fyrirvara.²¹

Í suttu máli sagt benda aldursgreiningarnar til þess að búið hafi verið á bæjarstæði Geirsstaða í Hróarstungu á tímabilinu 900-1100, og jafnvel fram til aldamótanna 1200. Engir gripir, sem geta varpað ljósi á aldur bygginganna á bæjarstæðinu, fundust við rannsóknirnar þar. Enda vitna þær aldursgreiningar, sem þegar eru fyrir hendi, nánast óyggjandi til um aldur þess.

Aðrar greiningar

Beina-, viðar-, gjall- og gólflagsgreiningar voru einnig gerðar á viðeigandi gögnum frá uppgreftinum á Geirsstöðum. Nú þegar hafa borist niðurstöður úr beinagreiningunni, gólflagsgreiningunni og viðargreiningunni. Niðurstaðna frá gjallgreiningunni er fyrst að vænta með komandi vori. Skýrslur um niðurstöður á greiningum á viði og plöntum hafa enn ekki borist en það sem birtist hér byggir á bráðabirgðaniðurstöðum, fengnum munnlega frá greinendum.

Rétt er þó að geta þess hér að gerð var tilraun til að röntgenmynda nokkra gjallmola, nr. MA 97/34 og MA 97/36, sem fundust í kolagryfjunum undir rúst I á Geirsstöðum. Það var gert til þess að kanna hvort í gjallmolunum leyndust gripir úr málni. Þessir sömu molar eru nú í greiningu hjá Dr. Kristínu Huld Sigurðardóttur, prófessor við Háskólann í Osló. Röntgenmyndatakan á gjallinu tókst vel í alla staði en engir gripir komu í ljós við hana.²² Líklega er þannig farið með aðra gjallmola sem lágu í gryfjunum undir rústinu.

Beinagreiningar

Beinagreininguna gerði Dr. Eva Elvira Klonowski, beinamannfræðingur. Við rannsóknina á Geirsstöðum sumarið 1997 fundust tvö bein til viðbótar við það eina sem fannst við frumrannsóknina sumarið 1996. Öll beinin, frá báðum rannsóknunum, fundust í sömu gryfjunni utan við syðri langvegg rústar I.

Beinin voru mjög illa varðveitt en Eva var sannfærð um að hér væri um mannabein að ræða, eins og beinið sem hún greindi árið áður.²³ Greining hennar er mjög ítarleg.

¹⁸ Sheridan Bowman 1995:15, 51.

¹⁹ Sheridan Bowman 1995:51.


²⁰ Steinunn Kristjánsdóttir 1997:45.

²¹ Sheridan Bowman 1995:47.

²² Ljósrit af röntgenmyndinni er að finna aftast í skýrslunni.

²³ Eva Elvira Klonowski 1996:1. Skýrsluhöfundur fór með beinin á Réttarlæknisfræðistofuna við Kommunal-sjúkrahúsið í Árósum. Þar var staðfest að hér er um mannabein að ræða. Franski dýralækninn Francois Poplin skoðaði einnig beinin í heimsókn sinni á Minjasafn Austurlands síðla

Hún segir beinið, sem fékk fundanúmerið MA 97/24, vera *phalanx distalis* sem er þriðji hluti af fingri.



Mynd 8. Mannabeinin tvö, sem fundust við uppgröftinn á Geirsstöðum sumarið 1997. Ljósmynd: Sigurður Mar Halldórsson.

Hitt beinið, sem fékk fundanúmerið MA 97/26, er partur af *corpus phalanx proximalis* sem er fyrsti hluti úr fingri. Það var verr farið en það fyrrnefnda, m.a. brotið af báðum endum þess. Hún taldi síðarnefnda beinið (MA 97/26) vera líklega af hægri hönd manns en ekki reyndist mögulegt að greina af hvorri hendinni fyrrnefnda beinið (MA 97/24) var. Skýrsla Evu birtist í óbreyttu formi aftast í fylgiskjölum skýrslunnar til nánari glöggvunar.²⁴

Greining á samsetningu gólflags

Tvö sýni úr gólflagi rústar I á Geirsstöðum voru send til innihaldsgreininga, nr. MA 97/52 og MA 97/56. Fyrrnefnda sýnið var tekið í gólfi “kórsins” en hið síðarnefnda var tekið um það bil fyrir miðri rúst. Greininguna gerði PhD. Kerstin Griffin, forvörður, hjá Arkeologisk Museum í Stavanger í Noregi.²⁵ Greiningin fólst í könnun á gerðum jurtaleifa (*plantemakrofossiler*) í laginu en einnig í greiningu frjókorna (*pollen*), auk þess sem greina átti samsetningu lagsins í heild. Tilgangur greiningarinnar var að reyna að varpa skýrara ljósi á notkun hússins.

Greiningin sýndi að sýnin innihéldu nokkrar gerðir af plöntum, eina tegund skordýra og örlítið af fingerðum sandi eða gjósku. Kerstin treysti sér ekki til að greina síðastnefnda efnið nánar en taldi að hér væri frekar um gjósku að ræða en sand. Nóg var af henni við Geirsstaðarústina. Samt sem áður getur vel verið að hér sé um sand að ræða, sem borist hefur í sandfoki af vöðlum við Jökulsána. Sandfok er títt á þessu

sumars 1997. Hann sagði að beinin gætu engan veginn verið af dýrum og taldi að um kjúkur af hendi eða fæti manna væri augljóslega að ræða.

²⁴ Eva Elvira Klonowski 1997:1.

²⁵ Hér á eftir verður vitnað í munnlegt samtal við Kerstin Griffin í febrúar 1998.

svæði, þó langt sé til sjávar. Greining á þessu efni verður hér látin liggja milli hluta, því niðurstaða hennar breytir engu um notkun hússins.

Kerstin skoðaði stóra samhangandi bita úr gólfluginu í smásjá. Gerð bitanna og samsetning jarðvegs í þeim benda til þess að gólf hússins hafi oft verið blautt en þornað þess á milli. Kerstin segir einnig greinilegt að þak hússins hafi lagst á skömmum tíma yfir gólflagið eftir að notkun hússins lauk. Hún telur jafnvel líklegt að það verið rífið niður af mannavöldum. Það er ekki ótrúlegt þar sem greinilegt er að allt timbur hefur verið fjarlægt úr rúst hússins. Timbrið hefur sennilega verið notað í eldivið eða endurnýtt sem byggingarefni annarsstaðar. Hefði húsið fallið saman hefðu gæði timbursins minnkað til muna.

Við greininguna sigtaði Kerstin moldina úr laginu svo greinanlegar leifar þess sátu eftir. Leifarnar eru taldar upp hér eftir magni:

Mosajafni (*selaginella*)

Hálfgras; stór, brok eða fifa (*cyperaceae*)

Sveppagróður (*coenococcum*)

Gjóska (*tefra*)

Skordýr

Kerstin segir það hafa komið sér á óvart hvað lífrænu leifarnar í laginu hafi verið fáar og einhæfar. Leifarnar voru einnig agnarsmáar. Mosajafninn (*selaginella*) var í yfirgnæfandi meirihluta í sýninu. Plantan tilheyrir flokki byrkinga (*pteridophýta*), þ.e. plöntum eins og mosa, burknum og skollaleggjum. Um er að ræða blómlausar plöntur, sem ekki setja fræ eða ávöxt, heldur æxlást með grói. Plantan vex á rökum stöðum og er algeng á norðurslóðum.²⁶ Hún er fjölær og finnst um allt land.²⁷



Mynd 9. Mest fannst af mosajafna (*selaginella*) í gólfi rústar I á Geirsstöðum (Áskell Löve 1977:53).

Hálfgrasaætt (*cyperaceae*) er stór ættbálkur plantna. Í gólfluginu greindust plöntuleifar af þessari ætt, reyndar í afar litlu magni. Leifarnar geta verið af stór, broki eða fifu sem allar tilheyra þessari ætt plantna. Kerstin telur þó líklegast að hér sé um að ræða stór. Stör er fjölær jurtt. Stöngull hennar er þristrendur en hnjáliðalaus, með einu eða fleiri blómum. Við hvert blóm er ofurlítið hreisturkennt stoðblað, sem kallast axarhlíf. Á meðan axið er óútsprungið eru hlífar þess þétt skaraðar.²⁸

Einstakar tegundir sveppagróðurs (*coenococcum*) fundust ennfremur í gólfluginu, sem ekki voru kannaðar sérstaklega með tilliti til tegunda. Eins fundust þar leifar skordýra en tegundir þeirra voru ekki kannaðar frekar.²⁹

Engar leifar grastegunda, sem skepnur eru iðulega fóðraðar af, fundust í gólfluginu. Skepnur éta ekki mosa eða fifu. Aftur á móti er algengt að skepnur éti stór og brok,

²⁶ Þessar upplýsingar eru fengnar munnlega frá Erlu B. Kristjánsdóttur, landslagsarkitekt.

²⁷ Áskell Löve 1977:52.

²⁸ Áskell Löve 1977:134.

²⁹ Munnlegar upplýsingar frá Kerstin Griffin.

þar sem þessar tegundir koma fyrir úti í náttúrunni. Plöntutegundin fannst í afar litlum mæli í gólfluginu og hefur því varla verið notuð þar sem skepnufóður, og alls ekki ef leifarnar eru af fifu.³⁰ Ekki fundust heldur neinar leifar taðs í þykku gólfluginu. Þessar niðurstöður hljóta að afsanna það að húsið hafi verið notað sem gripahús. Plönturnar geta heldur ekki hafa vaxið í gólfluginu eftir að notkun hússins var hætt, því allt bendir til þess að það hafi verið rífið. Þak hússins hefur þá lagst yfir gólflagið.

Kerstin segir það líka greinilegt að húsið hafi verið mjög sjaldan í notkun vegna þess að sveppagróður hafi oft náð sér vel á strik í gólfinu milli þess sem það var notað. Þar fundust heldur engin merki um tóvinnu, matvæli, eldun eða upphitun, sem sýnir einnig að húsið var ekki notað sem íveruhús, búr eða geymsla. Kerstin benti einnig á að innihald gólflagsins sýni fram á mjög fábrotna notkun hússins, vegna þess hve lítið var um lífrænar leifar í því og tegundirnar afskaplega fáar.

Rannsókn á sýni úr gólflagi íveruhúss frá landnámsöld á Granastöðum í Eyjafirði sýndi fram að gólfskánin þar innihélt mosajafna (*selaginella*) í miklu magni eða tæp 40%. Gólfskán Granastaðahússins innihélt einnig 11 aðrar plöntuleifar, þar á meðal birki og víði,³¹ enda um íveruhús að ræða.

Á landnámsöld, sem og síðar, höfðu íveruhús afar fjölbætta notkun. Í þeim var unnið, eldað, matast og sofið, svo eitthvað sé nefnt. Þau voru einnig yfirleitt hituð upp með opnum eldi innan dyra. Afar fáar plöntuleifar eða annarskonar leifar greindust aftur á móti í gólfskán rústar I á Geirsstöðum, eins og áður sagði. Allar þær staðreyndir sem greint er frá hér að ofan um innihald gólflagsins í rúst I á Geirsstöðum benda til þess að rústin geti verið af kirkju.

Viðargreiningar

Eitt sýni, nr. MA 97/30, frá Geirsstöðum var sent til viðargreiningar á Laboratory for Wood, Anatomy and Dendrocronology í Lundi í Svíþjóð. Dr. Ólafur Eggertsson, jarðfræðingur, sem er forstöðumaður stofunnarinnar, sá um greininguna. Ólafur hefur sérhæft sig m.a. í greiningu á rekavið.

Skýrsla Ólafs hefur ekki borist höfundu en samkvæmt munnlegum upplýsingum frá honum innihélt sýnið birki. Ólafur telur ennfremur afar ólíklegt að um sé að ræða rekavið, því það er sjaldan sem birki finnst á meðal rekaviðartegunda.³² Erfitt er að fullyrða um af hversu stórum birkitrjából sýnið var tekið en hann var þó greinilega það stór að vel getur verið að hann hafi verið notaður til bygginga á framhlið hússins. Þetta ætti þó að skýrast þegar frekar greining hefur verið gerð á viðarsýninu.


³⁰ Samkvæmt upplýsingum frá Erlu B. Kristjánsdóttur voru hálfgrasategundirnar *stör* og *brok* iðulega notaðar í sængur og mottur áður fyrr, bæði hér á landi og í Noregi. *Fifa* var aftur á móti oft notuð sem kveikur í kolur. Vel er hugsanlegt að á gólfinu í kirkjunni á Geirstöðum hafi legið motta úr störm eða broki, sem gæti skýrt tilkomu plantnanna þar. Ef um er að ræða leifar fifu í gólfinu, getur plantan hafa verið notuð þar við lýsingu innandyra í kirkjunni. Þetta eru atriði sem fróðlegt væri að kanna nánar.

³¹ Bjarni F. Einarsson 1994:178.

³² Munnlegar upplýsingar frá Dr. Ólafi Eggertssyni jarðfræðingi, febrúar 1998.

Fornleifauppgröftur

Litli-Bakki er stór jörð í Hróarstungu, skammt austan Jökulsár. Norðarlega í landareigninni, rétt sunnan við landamerki Litla-Bakka og Hrærekslækjar, eru leifar beitarhúsa sem voru í notkun allt fram á þriðja áratug þessarar aldar. Beitarhúsin hafa, á sínum tíma, verið byggð á rústum Geirsstaða, þ.e. þess bæjarstæðis sem valið var til rannsóknar sumarið 1997.



Mynd 10. Kort af Fljótshéraði. Geirsstaðir eru merktir inn með svörtum punkti. (Landmælingar Íslands).

Eins og fram kom hér að framan hefur bæjarstæðið nú verið nefnt Geirsstaðir af þeim sem hafa komið að rannsóknum á staðnum en í raun og veru bar bæjarstæðið ekkert nafn. Nafnið kom til vegna þess að í kaupbréfum frá 16. öld er getið um örnefnið Geirsstaði á landamerkjum Litla-Bakka og Hrærekslækjar, en þar er umræddar rústir að finna.³³ Þessi kaupbréf eru þrjú talsins og öll varðveitt í Íslenska fornbréfasafninu.³⁴ Þar er ekki talað um að Geirsstaðir sé bær en það gæti hugsanlega, nafnsins vegna, verið gamalt bæjarstæði sem fyrir löngu fór í eyði.


Þegar frumrannsóknin fór fram sumarið 1996 var eingöngu tekinn skurður í eina rúst, rúst I, á bæjarstæðinu á Geirsstöðum. Þá var ekki vitað um aðrar rústir á svæðinu og þess vegna aðeins þessi eini skurður tekinn. Annað átti þó eftir að koma á daginn. Rústir bæjarstæðis Geirsstaða eru að minnsta kosti fjórar, auk beitarhúsatættanna, og túngarðs sem umlykur það.

Fornleifarannsóknin sumarið 1997 miðaðist fyrst og fremst við uppgröft á rúst I, sem reyndist vera rúst kirkju. Þá voru einnig teknir tveir könnunarskurðir, annar í

³³ Ábending frá Páli Pálssyni frá Aðalbóli í Hrafnkeldal.

³⁴ Íslenskt fornbréfasafn 1933-1939:22, 296.

túngarðinn en hinn í rúst II, sem er rúst langhúss. Svæðið framan við rúst I var einnig kannað lítillega með könnunarskurði.



Mynd 11. Yfirlitstekning af bæjarstæðinu á Geirsstöðum. Rúst I var rannsökuð með fornleifauppgreftri sumarið 1997. Þá voru einnig teknir könnunarskurðir í túngarðinn og rúst II.

Rúst III, sem geymir leifar beitarhúsa frá þessari og síðustu öld, voru ekki rannsakaðar að öðru leyti en með uppmælingu, sem var og gert við aðrar rústir bæjarstæðisins. Rúst IV, sem líklega er heytótt, var heldur ekki könnuð frekar.

Kirkja

Niðurstöður frumrannsóknarinnar sumarið 1996 bentu til þess að rúst I gæti verið af kirkju frá fyrstu árum kristni á Íslandi en þessar upplýsingar gerðu það að verkum að ákveðið var að ráðast í frekari rannsókn á staðnum. Fornleifauppgröftur á rústinni átti að draga fram í dagsljósið frekari vísbendingar um það hvort hér væri um kirkjurúst að ræða, svo og að renna frekari stoðum undir hugsanlegan aldur hennar. Markmiðið var einnig að kanna úllit og gerð byggingarinnar.

Það sem einna helst benti til að hér væri um kirkju að ræða var að sunnan við rústina fannst gryfja með beinum, sem samkvæmt greiningu reyndust vera mannabein. Eitt

beinanna var kolefnisaldursgreint til ársins 980, +/- 60 ár.³⁵ Greining gjóskulaga í rústinni bentu til þessa sama aldurs. Rústin snýr enn fremur í höfuðáttirnar austur-vestur, eins og kirkjur eiga að snúa.



Mynd 12. Rúst 1 á Geirsstöðum var mjög ógreinileg á yfirborði jarðar. Hér vinnur Skúli Magnússon við mælingar á henni sumarið 1996. Ljósmynd: Steinunn Kristjánsdóttir.

Rannsóknin hófst með þau atriði, sem greint er frá hér að ofan, að leiðarljósi í júnímánuði sumarið 1997. Af yfirborði rústarinnar að dæma virtist húsið vera mjög stórt, um 20 metrar á lengd, en við uppgröftinn kom í ljós lítil bygging sem mældist 3 x 5 metrar að innanmáli. Við austari enda hennar var lítil áföst viðbygging, sem var jöfn á allar hliðar og mældist um 1, 5 metrar á hverja þeirra. Opið á milli hennar og aðalbyggingarinnar. Viðbyggingin minnti einna helst á kór kirkna. Heildarlengd byggingarinnar, að veggjum meðtöldum, reyndist vera tæpir 8 metrar þar sem hún er lengst og breiddin var samkvæmt mælingu tæpir 6 metrar.

Langveggir hússins mældust um 1,5 metrar á þykkt. Þeir voru að mestu leyti byggðir úr strengjatorfi. Þeir voru tvöfaldir, fylltir með mold, sem mokað var innan úr rústinni en hún var talsvert mikið niðurgráfin. Kórinn var greinilega byggður sem sér viðbygging við aðalbygginguna, líklega nokkru eftir að langveggirnir tveir voru reistir. Hliðarveggir kórsins voru örlítið rúnaðir, gerðir úr uppfylliefni með óreglulegum torflögum í kring í stað strengja eins og í langveggjunum. Gaflinn, að baki kórsins, var eingöngu byggður úr torfi án greinanlegrar byggingartækni. Framhlið hússins hefur trúlega verið úr timbri en var ekki lengur til staðar við rústina þegar hún var grafin upp. Einu viðarleifarnar sem greina mátti í allri rústinni var morkinn trjábólur sem hafði líklega fallið úr lítilli stoðarholu, fylltri hnefastórum steinum, framan við syðri langvegg rústarinnar. Hann gæti hafa tilheyrt framhliðinni.

³⁵ Steinunn Kristjánsdóttir 1997:45.

Það virðist hafa verið nokkuð algengt að íslensk hús væri niðurgrafin, þ.e. byggð á börmum niðurgrafinnar umgjardar, eins og í rúst I á Geirsstöðum. Bent hefur verið á að þessi byggingartækni hafi gert húsin stöðugri og einnig hlýrri.³⁶ Sem dæmi um niðurgrafin hús má nefna flestar eldri byggingarnar á bæjarstæðinu í Viðey. Þær voru byggðar með þess konar tækni, t.d. hluti klausturhúsanna sjálfra³⁷ og einnig víkingaaldarskáli sem fannst á staðnum³⁸. Þessi byggingartækni hefur einnig verið notuð við gerð húsa á bæjarstæði frá víkingaöld í Herjólfssdal í Vestmannaeyjum.³⁹ Fleiri dæmi þessa eru til en verða ekki tíunduð hér.

Framhlið hússins snéri á móti vestri og kórinn í austur. Fyrir framan rústina fannst lág hleðsla, gerð að mestu úr grjóti en torf notað til uppfyllingar. Þessi hleðsla gerði það að verkum að rústin virtist vera lengri á yfirborðinu en hún var í raun og veru. Þarna var þó ekki um að ræða mikla byggingu, heldur einfalda hleðslu. Einn steinninn í hleðslunni var mjög langur og mjór, 92 cm í allt, ferstrendur, og líktist einna helst legsteinum eins og þeim sem tíðkuðust á miðöldum. Erfitt er að dæma um það hvort svo hafi verið. Það er þó ekki útilokað.



Mynd 13. Langur ferstrendur steinn fannst framan við rústina. Hann minnir í mörgu á fornan legstein. Hér fjarlægja Howell og Libby steininn eftir að teikningu á laginu lauk. Ljósmynd: Sherry L. Curl.

Inni í rústinni var önnur steinahleðsla grafin fram við uppgröftinn. Hleðslan lá ofan á þjöppuðu góflaginum, upp við strengjatorfið í nyrðri langveggnum. Hún var byggð, nokkuð óreglulega, úr tveimur til þremur röðum af steinum í mismunandi stærðum. Samanlögð lengd hleðslunnar voru röskir 3 metrar. Hæð hennar mældist 36 cm frá toppi efstu hleðslusteinanna niður á botn þeirra neðstu. Erfitt er að segja til um

³⁶ Gísli Gestsson 1982:165-166.

³⁷ Steinunn Kristjánsdóttir 1996:12.

³⁸ Steinunn Kristjánsdóttir 1994:43.

³⁹ Margrét Hermanns-Auðardóttir 1989:71-72.

hlutverk hleðslunnar inni í rústinni. Hún minnir þó einna helst á bekk, sem hefur staðið meðfram vegg hennar. Bekkurinn gæti hafa verið klæddur torfi eða viði til að gera yfirborð hans sléttara. Sambærilegar hleðslur hafa líklega ekki fundist áður innan húss við uppgröft á fornum byggingum á Íslandi.

Litlir vatnsnúnir, flatir steinar vöktu einnig athygli grafara við uppgröftinn á rústinni. Steinar þessir fundust á við og dreif, án sjáanlegs samhengis, um allt uppgraftrarsvæðið. Flestir þeirra fundust þó þar sem strengjahleðslur veggjanna og óhreyfður jarðvegur mættust. Stærð þeirra allra var svipuð, lengdin 10-14 cm og breiddin 6-8 cm. Þeir voru allir aflangir og vel slípaðir, sennilega eftir langa veru í Jökulsánni. Samanlagt fundust 15 slíkir steinar við uppgröftinn en hvað steinarnir voru að gera í rústinni er óvíst.

Í gólfinu lágu sex stoðarsteinar í tveimur röðum. Einn af steinunum sex fannst í könnunarskurðinum sem tekinn var í rústina sumarið 1996. Á steinunum hafa stoðirnar sem báru þakið hvílt. Þær hafa án efa verið úr viði. Einn stakur steinn fannst einnig rétt framan við kórbygginguna inni á gólfi aðalbyggingarinnar. Óvíst er hvort hann hafi verið notaður undir stoð, því ekki fannst annar steinn á móti honum eða far eftir stoð. Ef svo hefur verið gætu stoðarpörin hafa verið fjögur talsins, samtals átta steinar og stoðir. Steinarnir voru allir svipaðir að lögun. Þeir voru flatir og mældist hver þeirra um og yfir 20 cm í þvermál. Ekki vottaði fyrir leifum af viðarstoðunum við steinana, frekar en öðrum viðarleifum annarsstaðar í rústinni eins og áður sagði.

Algennt er að finna stoðarsteina í íslenskum torfbyggingum. Steinarnir hafa verið notaðir sem undirlag fyrir stoðirnar sem báru þak bygginganna. Einnig er algengt að finna stoðarholur með eða án steinum í botni. Þá hafa stoðirnar verið grafnar niður í gólfið. Á Galtastöðum fram í Hróarstungu⁴⁰ má sjá báðar ofannefndar gerðir í einu og sama bæjarhúsinu. Nokkrar stoðirnar standa á flötum steinum, aðrar standa í stoðarholum. Við uppgröft á þremur víkingaaldarskálum í Hvítárholti í Hrunamannahreppi komu einnig báðar gerðirnar fram, þó þær sömu í hverjum skála. Í elsta skálanum í Hvítárholti höfðu stoðirnar staðið í stoðarholum en í þeim yngri stöðu stoðirnar á flötum steinum.⁴¹ Við fornleifarannsókn í Herjólfssdal í Vestmannaeyjum fundust einnig byggingar frá víkingaöld með bæði stoðarholum og stoðarsteinum.⁴²

Í minni byggingum báru veggirnir oft þakið í stað stoða. Slíkar byggingar fundust enn fremur í Herjólfssdal við sömu rannsókn.⁴³ Í 16 m löngum og 7 m breiðum víkingaaldarskála skammt frá bænum Hrafnsseyri í Arnarfirði fundust tvær stoðarholur, með flötum steinum, í botni í gólfi rústarinnar. Talið er að stoðarsteinarnir hafi í upphafi verið 10 en steinarnir horfið síðar úr rústinni.⁴⁴ Fleiri dæmi um stoðagerðir verða ekki nefnd hér, þó af nógu sé að taka.

Gryfjan, sem fannst við frumrannsóknina á Geirsstöðum sumarið 1996, var einnig nú grafin upp í heild sinni með rústinni, enda lá hún þétt upp við syðri langvegg hennar. Að öðru leyti var ekki mikið grafið út fyrir rústina í leit að fleiri gryfjum eða gröfum. Það þyrfti þó helst að gera síðar með nýjum könnunarskurðum, ef mögulegt er. Við uppgröftinn sumarið 1997 fundust enn fleiri leifar mannabeina í gryfjunni⁴⁵ en

⁴⁰ Á Galtastöðum fram er uppistandandi margra alda gamall torfbær, sem haldið er við í upprunanlegri mynd. Grafarar á Geirsstöðum brugðu sér í heimsókn til ábúenda til að kynna sér byggingatækni húsakynna þar.

⁴¹ Þór Magnússon 1973:54.

⁴² Margrét Hermanns-Auðardóttir 1989:85.



⁴³ Margrét Hermanns-Auðardóttir 1989:84-87.

⁴⁴ Guðmundur Ólafsson 1980:36.

⁴⁵ Eva Klonowski 1997:1.

erfiðlega gekk að halda mörgum beinanna til haga vegna þess hve illa þau voru varðveitt.

GEIRSSTAÐIR Í HRÓARSTUNGU - RÚST 1



Mynd 14. Gólflag hinar meintu kirkjurústar á bæjarstæði Geirsstaða. Á myndinni má sjá gryfjuna, vegg rústarinnar, stóðarsteinana sex og þann staka í skipulegum röðum eftir endilöngu gólfinu.

Í fyllingu gryfjunnar vottaði einnig fyrir örsmáum og morknum timburleifum. Í botni hennar, og meðfram sporöskjulaga kanti hennar, var jarðvegurinn leðjukenndur og fitugur. Gryfjan mældist um 2 metrar á lengd, 1,5 m á breidd, og náði 10 cm niður fyrir gólflag rústarinnar, sem var hinum megin við syðri langvegginn. Dýpt gryfjunnar var um 50 cm allt í allt, þegar hún var grafin upp. En eins og fram kom í kaflanum um

samsetningu jarðlaga í rústinni, framar í skýrslunni, hefur þykkt jarðlaganna breyst mikið í tímans rás.

Útlit og gerð gólflagsins í rústinni bendir ótvírætt til þess að húsið hafi hvorki verið notað sem gripahús eða íveruhús. Gólflög í gripahúsum innihalda undantekningalaust hey og tað. Í gólflögum íveruhúsa finnast venjulega kol og aska eftir upphitun og eldun. Þar er venjulega einnig hægt að greina ummerki eftir ullarvinnu eða önnur dagleg störf fólks. Í gólflagi rústar I á Geirsstöðum fundust engin slík ummerki og heldur engir munir. Við uppgröft á geymslum, íveru- eða gripahúsum finnast iðulega einhverjir munir. Gólfið var samt sem áður mjög greinilegt, allt að 8 cm þykkt, skýrt afmarkað og vel þjappað.

Greining á samsetningu gólflagsins sýndi að það innihélt mikið af mosajafna (*selaginella*) en var einnig blandað plöntuleifum af hálfgrasaætt, gjósku eða sandi, sveppum og skordýrum. Mosinn hefur eflaust verið borinn í gólfið til að þurrka það en trúlega einnig til að gera það mýkra og snyrtilegra, enda sýndi greiningin á gólfleginu að það hafði oft blotnað en verið þurrkað þess á milli. Gjóskan eða sandurinn geta þannig hafa borist inn með mosanum.

Greining gólflagsins sýndi jafnframt að húsið hafði sjaldan verið í notkun, því sveppagróður hafði oft á tíðum náð sér vel á strik í því.⁴⁶ Sveppagróðurinn sýnir með öðrum orðum að oft hefur liðið langur tími milli þess sem mannaferðir voru um húsið. Kirkjur eru einmitt byggingar sem eru tiltölulega sjaldan í notkun.

Ef litið er á niðurstöður rannsóknar á rúst I á Geirsstöðum í heild leiddu þær í ljós litla byggingu, sem minnir í mörgu á litla bændakirkju. Við uppgröftinn komu fram mörg atriði sem mæla með því að svo sé. Þar er helst að nefna mannabeinin, byggingarlag hússins og áttahorf, gólflag þess, uppbyggingu bæjarstæðisins og aldur. Á þessi atriði verður dregið nánar síðar í skýrslunni.

Járnsmiðja


Í grunni kirkjurústarinnar fundust þrjár gryfjur sem voru fullar af viðarkolum og ösku. Framan við innganginn í bygginguna, rétt við enda gólflagsins, fannst fjórða gryfjan. Í tveimur, af gryfjunum fjórum, fannst mikið af gjalli og bræddum málm í bland við viðarkolin og öskuna. Gryfjurnar voru annars mjög mismunandi að gerð, lögun og dýpt. Engin þeirra var eins. Vel má vera að kolagryfjur nr. 1 og nr. 3 hafi einungis verið misfellur í undirlagi gólfsins, sem hafi verið fylltar með kolum og ösku til að gera gólflötinn sléttari.

Það vakti fyrst nokkra undrun að finna kolagryfjurnar fjórar undir rústinni, ef að við gerð hússins hefur verið grafinn grunnur og uppmoksturinn úr honum notaður til uppfyllingar í veggina. Þá ættu að finnast kolaleifar í uppfyllingarefni veggjanna. Uppfylliefnið gæti einnig af einhverjum ástæðum hafa verið tekið utan við gryfjurnar og kolasallann, eins og bent er á framar í skýrslunni. Líklegasta skýringin er þó að húsið hafi í fyrstunni verið byggt sem smiðja vegna járnvinnslunnar á staðnum og því breytt síðar í kirkju. Við hlutverkaskiptin hefur húsið verið endurbyggt og því breytt, því ekkert samhengi finnst á milli síðari notkunar húss rústar I og kolagryfjanna fjögurra.

Gryfjurnar voru númeraðar frá 1-4, frá austri til vesturs, eingöngu til aðgreiningar. *Kolagryfja nr. 1* var staðsett undir gólfleginu í kór kirkjunnar. Hún var grynnt og

⁴⁶ Munnlegar upplýsingar frá PhD. Kerstin Griffin á fornleifafraeðisafninu í Stavangri, febrúar 1998.

minnst af gryfjunum fjórum. Hún mældist 53 cm á lengd, 32 cm á breidd og dýpt hennar var aðeins 12 cm. Gryfjan var egglega og dýpkaði snögglega, eins og um væri að ræða holu eftir stein. Lítið sem ekkert var af gjalli í gryfjunni, mest af viðakolum og ösku. *Kolagryfja nr. 3* var ekki ósvipuð þessari, hvað fyllingu og lögun snertir, en var mikið stærri að ummáli og dýpt. Hún var egglega og dýpkaði snögglega, eins og kolagryfja nr. 1, en lengd hennar reyndist vera 1 metri, breiddin 80 cm og dýptin var 22 cm.




Mynd 15. Kolagryffurnar fjórar, sem fundust undir gólflagi rústar I, tilheyra fyrra byggingarstigi hennar.

Kolagryfja nr. 2 var klædd að innan með steinum. Greinileg ummerki elds sást á þeim. Í gryfjunni fannst mikið af gjalli og storknuðum málmtaumum, auk viðarkola og ösku. Gryfjan mældist 75 cm á lengd og rúmir 50 cm á breidd. Þessi gryfja var dýpst af gryfjunum fjórum, alls 42 cm þar sem hún var dýpst. Veggir hennar voru nánast beinir en í henni var stallur. Við annan enda gryfjunnar, en þó utan við hana, var stór gróp eða dæld, fyllt með litlum kolabítum og ösku. Grópin var mjög óregluleg að lögun og hafði mismunandi dýpt. Hún mældist 8 cm djúp þar sem hún var dýpst.

Kolagryfja nr. 4 fannst rétt fyrir utan inngang rústarinnar. Í þessari gryfju voru engir steinar en lögun hennar og stærð minnti á kolagryfju nr. 2. Hún mældist 65 cm löng og 45 cm breið. Botn hennar var afar ósléttur og misjafn, aðeins nokkrir sentimetrar í

eystri enda en 23 cm í þeim vestri. Í þessari gryfju fundust mjög stórar viðarkolsgreinar og mjög mikið af gjalli í stórum bitum. Yfir gryfjunni lá þétt lag af rótaðri mold, sem innihélt fokmold og torf í bland. Þessu lagi var gefið sérstakt jarðlaganúmer, þar sem það skar sig greinilega frá umliggjandi jarðlagi sem einnig innihélt blöndu af fokmold og torfi.

Gjallið, sem fannst í gryfjunum, var oftast ryðrautt og leit út sem ryðgaðir málmhlutir. Gjallbitarnir voru einnig margir mjög þungir og mældust allt að 600 gr á þyngd. Tekin var röntgenmynd af tveimur gjallbitum til að athuga hvort inni í ryðkúlunni leyndist málmhlutur. Myndatakan sýndi að svo var ekki. Samt sem áður hefur greinilega verið mikið járn í þeim.



Mynd 16. Kolagryfjur nr. 2 og 4.

Í kolagryfjum nr. 2 og 4 fannst bráðinn málmur, sem hafði storknað í rennandi taumum ofan í þeim. Þetta eru óyggjandi dæmi um að gryfjurnar hafi verið notaðar til vinnslu á járn úr málmgrýti, sem finnst í mýrum víðsvegar í votlendi landsins. Kolin og gjallið, sem fundust í þeim, eru einnig til vitnis um það.⁴⁷ Talið er að járnvinnsla hafi átt sér stað í fyrstunni árstímabundið utan dyra á Íslandi.⁴⁸ Fljótlega eftir landnám var farið að vinna járn í hinum svokölluðu rauðasmiðjum, sem voru lokaðar byggingar til varnar veðrum og vindum allan ársins hring.

Gæði íslensk málmgrýtis eru talin vera afar mikil. Á fyrstu öldum Íslandsbyggðar var járnvinnsla án efa þó nokkuð mikil hér á landi. Fyrstu greinilegu breytingarnar í sögu íslenskrar járnvinnslu verða um miðja 16. öld, þegar nánast algjör járnskortur verður í landinu. Margir hafa víða leitað skýringa á breytingunum en flestir telja að ónógur eldiviður hafi verið ein aðalorsök þessa.⁴⁹ Einnig er talið að með innflutningi Engendinga á fiski og verslunarvöru, þar á meðal járn, til landsins á 15. öld hafi innlend járnframleiðsla minnkað til muna. Það er þó óvíst því Norðmenn fluttu mikið af járn inn til Íslands á tímabilinu 1200-1400, án þess að það hefði áhrif á

⁴⁷Dr. Kristín Huld Sigurðardóttir, prófessor við Óslóarháskóla, vinnur nú að rannsókn á gjalli úr kolagryfju nr. 2 á Geirsstöðum.

⁴⁸Þorbjörn Á Friðriksson og Margrét Hemanns-Auðardóttir 1992:8.

⁴⁹Þorbjörn Á Friðriksson og Margrét Hemanns-Auðardóttir 1992:5, 10.

innanlandsmarkað.⁵⁰ Sjálfsagt eru það margir samverkandi þættir sem höfðu hverjir sín áhrif á þróunina.

Smiðjuvinna á sveitabæjum landsins lagðist þó ekki af við hinar miklu breytingar sem urðu á 16. öld. Smiðja, af einhverju tagi, var á hverjum bæ hér á landi allt fram á þessa öld, sem nú er að líða undir lok. Það þurfti sífellt að vera að dengja ljái, þó skortur væri á innlendu járn til járnsmíða. Ljárnir var iðulega dengdur í smiðju bæjarins, sem oftast var afar fábrotin enda tiltölulega sjaldan notuð. Þess eru þó dæmi að ljárnir væru hitaðir undir potti í hlóðareldhúsum, þeir síðan dengdir á hlóðarsteinunum og að lokum hertir í nærtæku íláti í eldhúsinu.⁵¹

Skáli

Um 100 metrum sunnan við rúst I er löng tótt. Á yfirborðinu er að sjá sem húsinu hafi verið skipt upp í tvo hluta, sennilega íveruhús og gripahús. Þetta verður þó aldrei ljóst nema með því að grafa rústina upp í heild sinni.⁵² Ákveðið var að taka könnunarskurð í annan langvegg rústarinnar sumarið 1997, í því skyni að athuga hvort byggingin væri frá sama tíma og rúst I. Könnunin var auk þess gerð til að athuga hvort rústin gæti verið af íveruhúsi, sem myndi þá gera bæjarstæði Geirsstaðabýlisins heilstæðara.

Könnunarskurðurinn var tekinn í eystri langvegg rústarinnar, ekki langt frá þeim gaffli hennar sem snéri í suður. Þar reyndist gólfíð vera hellulagt og líklega hefur þessi hluti hússins verið notaður sem íveruhús. Á gólfinu lá auk þess eini heili gripurinn sem fannst við fornleifauppgröftinn á Geirsstöðum sumarið 1997. Það var brýni úr innfluttu flögubergi. Gólf íveruhúsa geyma iðulega einhverja hluti sem íbúar þess týndu eða hentu. Oft var hlutum stungið í vegg til geymslu en gleymdust þar síðan.

Veggir hússins voru nánast eingöngu byggðir úr torfi, eins og veggir rústar I. Gjóskulög frá Veiðivatnagosunum árin 1410 og 1477, svo og úr Örfajökulsgosi árið 1362, komu mjög skýrt fram í skurðinum. Þau sýndu að þessi bygging hefur verið byggð og verið í notkun á sama tíma og rúst I.⁵³

Langhústóttin er í stærra lagi miðað við önnur norræn langhús frá sama tíma. Rúst hússins er 28 metrar að lengd og um 12 metrar á breidd með útveggjum. Á húsinu eru tvær viðbyggingar, sem gerir húsið enn tilkomumeira. Önnur þeirra er áföst langveggnum sem snýr í vestur en hin viðbyggingin lítur út sem mjór gangur, um 7 metra löng, við nyrðri enda skálans. Viðbyggingin við vesturvegginn er nærri jöfn að stærð á allar hliðar og mældist 8 metrar á hverja þeirra.

Til eru fjöldamörg dæmi um langhús, eða skála eins og þeir eru oft kallaðir, með eða án viðbygginga víðast hvar á Íslandi. Margir þeirra hafa verið rannsakaðir með fornleifauppgræftri eða könnunarrannsóknunum. Skemmst er hér að minnast könnunarrannsóknar Minjasafns Austurlands árið 1996 á langhúsbyggingu með áföstu jarðhýsi í landi Brennistaða í Eiðabíngi. Könnunin þar leiddi í ljós rúmlega 20 m langan og 8 metra breiðan skála frá víkingaöld.⁵⁴ Við annan langvegg skálans fannst

⁵⁰ Þorbjörn Á Friðriksson og Margrét Hemanns-Auðardóttir 1992:9.


⁵¹ Jónas Jónasson 1961:78.

⁵² Stefnit er að því að rannsaka víkingaaldarskálann á Geirsstöðum sumarið 1998 með fornleifauppgræftri. Rannsóknin mun væntanlega fara fram á vegum Minjasafns Austurlands með styrk frá Evrópuráðinu. Fornleifarannsóknin verður samvinnuverkefni sjö Evrópulanda; Bretlands, Íslands, Danmerkur, Þýskalands, Ítalíu, Slóvakíu og Finnlands.

⁵³ Magnús A. Sigurgeirsson 1997.

⁵⁴ Steinunn Kristjánsdóttir 1997:38.

jarðhýsi, sem trúlega hefur í upphafi verið fyrstu húsakynni íbúanna á bænum. Jarðhýsið hefur síðan verið notað áfram, sem viðbygging við aðalbygginguna eftir að hún var reist. Viðbyggingar Geirsstaðaskálans eru þó mikið stærri og greinilegri á yfirborði jarðar en jarðhýsisviðbyggingin sem fannst á Brennistöðum, svo varla er hér um að ræða áföst jarðhýsi, enda er skálabyggingin á Geirsstöðum í heild sinni mikið stærri en Brennistaðaskálinn.




Mynd 17. Skálarúst frá landnáms- og söguöld á bæjarstæði Geirsstaða. Könnunarskurðurinn, sem var tekinn í annan langvegg rústarinnar, er merktur inn á teikninguna.

Af yfirborðsmælingum að dæma er Geirsstaðaskálinn með stærri skálum, sem hafa fundist hérlendis frá landnáms- og söguöld, og viðbyggingar hans tilkomumeiri. Stærð hans og útliti má að sumu leyti líkja við íveruhúsið á bænum Stöng í Þjórsárdal, sem fór í eyði snemma á 13. öld. Þar fannst einnig skáli frá 10. öld, undir ofanefndu íveruhúsi.⁵⁵ Stangarhúsið hafði þrjár viðbyggingar, tvær á öðrum langveggnum og eina við annan gafi hússins. Það á að hafa verið stofubygging. Engin af

⁵⁵ Vilhálmur Örn Vilhjálmsson 1996:122.

viðbyggingunum þremur er talin hafa verið ætluð undir búpening. Heildarlengd Stangarhússins er 30 metrar með veggjum og viðbyggingunni, sem er á gafli hússins.⁵⁶

Eyðibærinn Þórarinsstaðir á Hrunamannafrétti minnir einnig í mörgu á skálarústina á Geirsstöðum. Bæjarrústirnar þar voru rannsakaðar árið 1945. Samkvæmt rituðum heimildum er bærinn farinn í eyði árið 1397 en yfirleitt er hann talinn jafngamall Stangarbænum.⁵⁷ Bæjarrústin mældist rúmir 30 metrar á lengd og breidd hennar reyndist vera um 10 metrar. Við syðri enda hennar voru tvær viðbyggingar og við langvegginn, sem snéri í vestur, var önnur viðbygging. Í vesturenda hússins fannst einnig fjós með básrúmunum fyrir 14 stórgripi.⁵⁸



Mynd 18. Þórarinsstaðir á Hrunamannafrétti. Uppbygging bæjarins minnir í mörgu á langhúsrústina á Geirsstöðum (Kristján Eldjárn 1948:112).

Skammt norðan við skálabygginguna á Geirsstöðum hefur beitarhús verið reist á síðustu öld, mögulega á eldri rústum. Norðan við beitarhúsið er lítil ferhyrnt rúst, sem sennilega er heytótt. Langhústóttin snýr í NA-SV, eins og Jökulsáin sem rennur þar skammt undan. Kirkjurústin og rúst langhússins hafa því ekki alveg sömu stefnu en eins og áður sagði snýr kirkjurústin í höfuðáttirnar austur-vestur.

Túngarður

Umhverfis rústirnar fjórar á bæjarstæði Geirsstaða liggur tilkomumikill túngarður. Í suðvestri vottar fyrir hliði eða inngangi í hann. Þar fyrir utan hefur staðið lítil bygging, rúst V, sem er áföst garðinum. Utan við garðinn, umhverfis hliðið, eru ennfremur tvö lítil afgirt engi. Túngarðurinn afmarkar mjög stórt svæði í kringum rústirnar og því ljóst að mikil jörð hefur tilheyrt bænum.


Til að sjá uppbyggingu og aldur túngarðsins var tekinn könnunarskurður í hann, eins og sá sem gerður var í langhúsrústina. Skurðurinn sýndi að túngarðurinn hefur á sínum tíma verið nokkuð hár, trúlega yfir 1 metri á hæð. Hann hefur að mestu verið byggður

⁵⁶ Aage Roussel 1943:72-98.

⁵⁷ Kristján Eldjárn 1948:111, 118.

⁵⁸ Kristján Eldjárn 1948:113-120.

úr torfi en ofan á torfhleðsluna hefur steinum verið raðað, líklega til varnar því að skepnur færu yfir hann. Steinarnir voru misstórir, sumir mældust allt að hálfur metri á lengd. Þeir lágu í þrefaldri röð á brún torfhleðslunnar, sem var gerð úr strengjum.



Mynd 19. Sniðteikning af túngarðinum, sem umlykur bæjarstæðið á Geirsstöðum. Túngarðurinn var byggður úr torfi en ofan á brúnnum hans lá þreföld röð af steinum.

Gjós kulögin, sem sáust í sniði könnunarskurðarins, voru mjög skýr eins og reyndar annarsstaðar á rústasvæði Geirsstaða. Gjós kulögin vottuðu að túngarðurinn hefur verið byggður á sama tíma og langhúsið og kirkjan. Að þessum upplýsingum fengnum um kirkjurústina, langhústóttina og túngarðinn, var komið í ljós áður óþekkt margra alda gamalt stórbýli í Hróarstungu.

Tvö byggingarstig: smiðja og kirkja

Hér hafa helstu niðurstöður uppgrafftarins á Geirsstöðum sumarið 1997 verið tíundaðar. Við lok úrvinnslu á þeim gögnum, sem höfundur hefur nú undir höndum frá uppgreftinum, eru niðurstöður rannsóknarinnar nokkuð ljósar. Þegar hefur komið skýrt fram að Geirsstaðir í Hróarstungu var stórbýli á íslenskri landnáms- og söguöld. Íveruhús býlisins hefur enn ekki verið rannsakað með fornleifauppgreftri en reikna má með að það hafi staðið að mestu leyti óbreytt þann tíma sem búið var á staðnum. Þetta verður þó aldrei ljóst nema með uppgreftri á rústinni. Aftur á móti geymir rúst I greinilega leifar tveggja ólíkra byggingastiga.

Fyrri byggingarstigið á svæði rústar I hefst þegar skýli var reist Geirsstöðum skömmu fyrir aldamótin 900, vegna járnvinnslu á bænum. Smiðjan var byggð á þykku, þá ekki löngu föllnu lagi af landnámsgjósku, á sama tíma og íveruhúsið og túngarðurinn.⁵⁹ Bygging smiðjunnar hefur líkast til verið einföld, eins og títt var með smiðjur þessa tíma að því að talið er. Við gerð hennar hefur verið grafinn djúpur grunnur í óhreyfðan jarðveginn og veggir síðan byggðir beggja vegna á brúnum hans. Ekki er víst að bygginginn hafi haft nokkurt þak í fyrstunni. Annar veggurinn var byggður að norðanverðu við gryfjurnar en hinn veggurinn að sunnanverðu við þær en Geirsstaðabæjarstæðið er einmitt mest opið fyrir norðan- og sunnanáttum. Það fengu grafarar að reyna af eigin raun sumarið 1997.

Eins og áður sagði er talið að járnvinnsla hafi í fyrstunni farið fram utan dyra hér á landi, eins og algengt var í Noregi.⁶⁰ Skömmu eftir að búseta hefst hér á landi er farið að reisa sérstakar byggingar fyrir járnvinnslna. Þessar smiðjur eru taldar hafa verið tvennskonar, þ.e. lítil einföld skýli eða sérstakar smiðjubyggingar.⁶¹ Reikna má þó með að járnvinnsla hafi lengi vel farið fram utan dyra án skjólveggja, þrátt fyrir tilkomu smiðjubygginga á einstaka bæ. Þetta er samt sem áður ekki að fullu ljóst, því þróun íslenskra smiðjubygginga og járnvinnslu hefur lítt verið könnuð markvisst hérlendis.

Oft hafa fundist eldsmiðjuleifar í og við íveruhús hér á landi, án þess að hægt sé að átta sig á hvort þar hafi staðið smiðjur eða ekki. Þetta á sér í lagi við íveruhús frá fyrstu öldum byggðar hér á landi. Til dæmis fundust merki um mikla járnvinnslu bæði í kringum og inni í íveruhúsinu á Þórarinsstöðum á Hrunamannafrétti en hin eiginlega smiðjubygging fannst samt sem áður ekki á staðnum.⁶²

Á Geirsstöðum hefst *byggingarstig tvö* á svæði rústar I með því að smiðjunni er breytt í kirkju. Breytingarnar hafa líklega verið gerðar á síðari hluta 10. aldar. Þá hafa þeir veggir hússins, sem voru þegar fyrir hendi, verið lagaðir til og húsinu breytt til muna. Veggirnir hafa trúlega verið styttnir um allt að tvo metra, því fyrir framan rústina mátti greina óljósar leifar veggja úr strengjatorfi og einnig óljósar steinahleðslur. Við styttinguna á skjólveggjunum hefur ein kolagryfjan, nr. 4, hafnað framan við bygginguna. Við uppgröftinn kom í ljós að þessi gryfja hafði verið fyllt upp með


⁵⁹ Magnús Sigurgeirsson 1997:1-2.

⁶⁰ Þorbjörn Á Friðriksson og Margrét Hermanns-Auðardóttir 1992:7.

⁶¹ Munnlegar upplýsingar frá Dr. Kristínu Huld Sigurðardóttur, fornleifafræðingi og forverði, Oslóarháskóla.

⁶² Kristján Eldjárn 1948:117.

rótuðum jarðvegi, blönduðum fokmold og torfi, líklega til að gera yfirborðið sem sléttast rétt við inganginn í nýja húsið.



Mynd 20. Teikningin sýnir mismunandi gerðir veggja í rústinni.

Við breytinguna hefur þak verið sett á bygginguna, sem líklega var þaklaus áður. Þakinu var haldið uppi með tréstöðum, sem stóðu á flötum steinum í gólfinu. Erfitt er að gera sér í hugarlund hvernig innri bygging hússins hefur verið, því hún var líkast til gerð úr tré. Það er nú horfið.

Margt bendir til þess að kórinn hafi fyrst verið byggður þegar húsinu var breytt í upphafi annars byggingarstigsins. Hleðslutæknin, sem var notuð við gerð veggjanna í aðalbyggingunni, er til dæmis ekki sú sama og sú sem var notuð við gerð veggjanna í kórnum. Fylling veggjanna er þó svipuð í báðum byggingahlutunum. Líta má á þessi atriði sem greinilegar vísbendingar um það að kórnum hafi verið bætt við aðalbygginguna nokkru eftir að hinir eiginlegu aðalveggir hússins voru reistir.

Það að um sé að ræða tvö byggingarstig í rúst I sést þó best á gólflagi rústarinnar. Gólflagið lá vel þjappað yfir þremur af kolagryfjunum fjórum og það hafði greinilega komið þar til eftir að notkun á kolagryfjunum hafði verið hætt, þar sem engin viðarkol, gjall eða aska var greinanleg í því. Steinhleðslan, sem fannst inni í rústinni og hefur verið líkt við bekk hér frammar í skýrslunni, lá auk þess yfir kolagryfju nr. 3. Staðsetning gryfjanna var einnig það óregluleg miðað við bygginguna að þær hafa tæplega haft nokkuð með hana að gera. Ein þeirra fannst til dæmis fyrir utan hana, eins og áður hefur verið nefnt.

Rétt er að benda á að undir kirkjurúst á bænum Stöng í Þjórsárdal, fundust leifar smiðju, eins og undir rúst I á Geirsstöðum. Smiðjunni á Stöng hafði greinilega verið breytt í kirkju, m.a. með því að kórnum var bætt við þá byggingu sem þegar var á staðnum. Svo virðist jafnframt sem að kirkjunni á Stöng hafi verið breytt aftur í smiðju eftir að kirkjan lagðist af.⁶³ Við rannsókn á kirkjurúst frá síðmiðöldum á bænum Varmá í Mosfellsveit fundust einnig leifar smiðju í sömu rúst.⁶⁴

Þessar staðreyndir vekja okkur til umhugsunar um það hvort bændur hafi oft breytt smiðjubyggingum bæja sinna í kirkjur þegar þeir meðtóku kristna trú. Menn hafa mögulega nýtt sér þau hús, sem fyrir stóðu á bæjarstæðinu, eins og t.d. smiðjur er voru lítt notaðar nema kannski aðeins til þess eins að dengja ljáinn yfir hásumarið. Hægt er að líta á kirkjubyggingarnar sem tákni um meðtöku kristinnar trúar, sem iðkuð var heima fyrir því sóknarkirkjurnar risu ekki fyrr en löngu eftir að kristnin var lögtekin á Alþingi.

Það er vert rannsóknarefni að kanna hversu algengt það hafi verið að breyta smiðjum, eða öðrum litlum lítt notuðum byggingum, í kirkjur á árum frumkristni hérlendis. Þetta væri hægt að athuga með því að endurskoða rannsóknir, sem þegar hafa verið fram, á t.d. smiðjubyggingum bæja frá þessu tímabili. Smiðjubyggingin á Stöng var t.d. rannsökuð árið 1939 en kirkjan, sem stóð á sama grunni, uppgötvaðist ekki fyrr en á síðasta áratug þegar rústin var könnuð enn frekar með ítarlegum fornleifauppgrefti.⁶⁵

⁶³ Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson 1996:131.

⁶⁴ Sveinbjörn Rafnsson 1970:40.

⁶⁵ Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson 1996:130-131.

Fyrstu aldir kristni á Íslandi

Fyrstu kirkjur landsins hafa líklega verið litlar heimiliskirkjur, margar reistar á höfuðbólum höfðingja sem stöðutákn.⁶⁶ Jafnframt má reikna með því að almennir bændur hafi margir hverjir reist kirkjur á jörðum sínum, fyrir heimilisfólk sitt, mjög víða í sveitum landsins um og eftir kristnitöku árið 1000. Þessar kirkjur í frumkristni á Íslandi hafa án efa ekki verið ætlaðar til að þjóna heilum söfnuði heldur ætlaðar til heimilsbrúks. Trúlega hafa þær því jafnan verið litlar og fábrotnar.

Páll Jónsson, biskup í Skálholti, lét gera skrá yfir allar kirkjur í sínu umdæmi skömmu eftir aldamótin 1200.⁶⁷ Kirkjurnar voru þá 220 talsins í umdæminu og samkvæmt því er reiknað með að kirkjur landsins hafi verið um 400 aldamótaárið 1200⁶⁸. Nýlegar rannsóknir á bæði fornleifum og rituðum heimildum benda til þess að um aldamótin 1100 hafi kirkjur verið margfalt fleiri og er því greinileg fækkun þarna á milli alda.⁶⁹ Kirknaskrá Páls, sem er ein elsta ritaða heimildin um forna kirkjustaði á Íslandi, telur líklega einungis þá kirkjustaði sem staðið höfðu af sér ýmsar breytingar þessa tíma, t.d. setningu tíundarlaganna á Alþingi lok í 11. aldar.⁷⁰

Tíundin var eignarskattur sem greiða átti til kirkna landsins. Enginn vafi leikur á því að setning laga um hann markaði þáttaskil í sögu kirkjunnar. Talið er fullvíst að þau hafi valdið víðtækri uppstokkun á milli kirkna, sem fram að þessu höfðu verið reistar án skipulags um allt land, auk þess sem sóknirnar tóku þá fyrst að myndast. Þær kirkjur sem hlutu tíund af mörgum bæjum högnuðust af tíundinni og urðu síðar sóknarkirkjur, aðrar lögðust af.⁷¹ Biskupsembættið styrktist einnig fjárhagslega til muna og ennfremur ákvörðunarvald þess um það til hvaða kirkna tíundin skyldi renna. Þetta hefur efalaust haft úrslitaáhrif fyrir margar kirkjur.⁷²

Fornleifafræðingurinn Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson telur líklegt að það hafi sér í lagi verið kirkjur almennra bænda sem lögðust af við setningu tíundalaganna og að kirkjur goða og höfðingja hafi elfst að sama skapi. Hann bendir jafnframt á það að túlka megi setningu tíundarlaganna sem aðferð ráðamanna til að sporna við hinu mikla óskipulagi varðandi byggingu kirkna. Hann telur að þegar lögin voru sett hafi þegar verið fyrirfram ákveðið hvaða kirkjur skyldu starfræktar og hverjar ekki.⁷³ Enginn vafi leikur á því að tímabilið frá því að fyrstu kirkjurnar risu hérlendis fram til aldamótanna 1200 var viðburðaríkt og hafði afar mikil áhrif á mótun, og síðar stöðugleika kirkjunnar, eins og hún hélst síðan allt til siðaskipta. Kirknaskrá Páls virðist hafa verið gerð eftir að nokkuð föst skipan er komin á fjölda og staðsetningu kirkna hérlendis. Hún hentar því ekki sem skrá yfir kirkjubyggingar frá frumkristni á Íslandi.

Í nágrannalöndunum hafa margir fræðimenn einmitt bent á samhengið á milli sjórnarfarsins í þjóðfélagu og þróun kirkjunnar. Munur á þróun kirkjunnar á Íslandi og

⁶⁶ Hjalti Hugason 1996:118.

⁶⁷ Sveinn Víkingur 1970:152-153.

⁶⁸ Hjörleifur Stefánsson 1997:40.

⁶⁹ Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson 1996:134.

⁷⁰ Íslenskur söguatlas 1990:70.

⁷¹ Hjalti Hugason 1996:129.

⁷² Hjalti Hugason 1996:129-130.


⁷³ Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson 1996:134.

í löndunum í Skandinavíu liggur aftur á móti í sjálfu stjórnskipulaginu. Á Íslandi voru það höfðingjar landsins, goðarnir, sem stjórnðu landinu bæði fyrir og eftir kristnitöku. Goðarinir sáu meðal annars um val á biskupum landsins.⁷⁴ Í Skandinavíu voru það konungar viðkomandi landa, stjórn þeirra og biskup, sem fóru með völdin.⁷⁵

Kirkjan á Geirsstöðum

Framar í þessari skýrslu er þess getið að fátt hafi fundist við uppgröft á rúst I á Geirsstaðabæjarstæðinu sumarið 1997, sem benti ótvírætt til þess að hér væri um að ræða rúst kirkju. Hér skal einnig minnt á að í rústinni fannst heldur ekkert sem mælir afdráttarlaust gegn því að svo sé. Ef niðurstöður rannsóknarinnar eru skoðar í heild sinni og þær bornar saman við rannsóknir á þróun kirkjunnar í landinu, er erfitt að efast um að rústin sé af kirkju. Fáar rústir kirkna frá fyrstu árum kristni á Íslandi hafa verið rannsakaðar hérlendis en nokkrar þó sem hægt er að hafa til samanburðar þegar hin meinta kirkjurúst á Geirsstöðum er skoðuð.

Hér ber fyrst að nefna rannsókn Vilhjálms Arnar Vilhjálmssonar á leifum kirkju á bænum Stöng í Þjórsárdal. Rannsóknin fór fram fyrir fáeinum árum. Vilhjálmur telur að kirkjan hafi verið í notkun á 11. öld, jafnvel fyrr.⁷⁶ Árið 1975 kom í ljós grunnur kirkju á bænum Stóru-Borg undir Eyjafjöllum. Grunnurinn var þá kannaður lítillaga. Kirkja var fyrst reist á Stóru-Borg um 1200, samkvæmt rituðum heimildum, og líklega er rústin af þeirri kirkju.⁷⁷



Mynd 21. Grunnmynd kirkju á Stöng í Þjórsárdal (Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson 1996:125).

Seint á sjöunda áratugnum var kirkjurúst að Varmá í Mosfellssveit rannsökuð með fornleifauppgræftri. Hún er nefnd lítillaga hér að ofan í kaflanum um tvö byggingarstig rústar I á Geirsstöðum. Kirkjan á Varmá er talin vera frá síðmiðöldum.⁷⁸ Kristján Eldjárn kannaði árið 1947 kirkjurúst að Krossi á Skarðströnd, sem talin er vera frá sama tíma og kirkjan á Varmá.⁷⁹ Nokkur byggingarstig kirkna í Skálholti hafa

⁷⁴ Helgi Þorláksson 1997:7.

⁷⁵ Dagfinn Skre 1995:17, Else Roesdahl 1997:239.

⁷⁶ Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson 1996:119-139.

⁷⁷ Mjöll Snæsdóttir 1991:8.

⁷⁸ Sveinbjörn Rafnsson 1970:31-47.

⁷⁹ Kristján Eldjárn 1974:142-144.

ennfremur verið rannsökuð en öll frá síðari tímum.⁸⁰ Auk þess var lítil og brotakenndur byggingarhluti kirkju frá miðöldum grafinn upp í Viðey árið 1988.⁸¹

Þessi dæmi um rannsóknir á kirkjum hér á landi virðast mörg en eru í raun æði fátækleg, því oftast en ekki hafa grunnar ofanefndra kirkna verið skemmdar af seinni tíma byggingum eða jarðeyðingu. Þetta á þó ekki við um kirkjuna á Stöng. Þrjár þessara rannsökuðu kirkna líkjast mjög umræddri byggingu á Geirsstöðum, a.m.k. að grunni til. Það eru kirkjan á Stöng, Stóru-Borg og í Viðey en þetta eru einmitt þrjár elstu kirkjurnar. Kirkjurnar eiga það allar sameiginlegt að hafa kór byggðan í minna formi aftan við miðskip kirkjunnar. Kirkjurústirnar á Varmá og Krossi eru báðar án kórs, enda eru þær taldar vera frá síðmiðöldum.

Vísbendingar um tilvist kirkjunnar

Þau atriði, sem helst benda til þess að rúst I á Geirsstöðum sé löngu aflögð kirkja, eru eftirfarandi:

- Uppbygging bæjarstæðisins
- Aldur byggingarinnar
- Gryfja með mannabeinum
- Útlit byggingarinnar
- Áttahorf byggingarinnar
- Gólflög rústarinnar

Af niðurstöðum fornleifarannsóknar liðins sumars er ljóst að á *bæjarstæði* Geirsstaða, sem nú er í landi Litla-Bakka í Hróarstungu, stóð stórbýli á landnáms- og söguöld. Líklegt má því telja að á landareigninni hafi staðið kirkja, eins og títt virðist hafa verið á jörðum höfðingja og jafnvel á jörðum almennra bænda á Íslandi. Geirsstaðir er ekki þekkt sem kirkjujörð, hvorki fyrr né síðar, en svo virðist sem að hin meinta kirkja þar hafi verið reist á 10. öld og hún líklega lagst af nokkru fyrir *aldamótin 1200*, samkvæmt greiningum gjóskulaga⁸² og kolefnisaldursgreiningu frá staðnum.⁸³ Stærð kirkjunnar og gerð samræmist einnig hugmyndum íslenskra fræðimanna um fyrstu bændakirkjur landsins.

Hafa ber í huga við rannsóknir á íslenskum miðaldakirkjum að á þessum tíma mátti ekki leggja kirkjur af, heldur skyldu þær fluttar til næstu kirkju. Kristinna Laga þáttur Grágásar, elstu lögbókar landsins, kveður á um flutning kirkna. Þar segir að:

“Kirkja hver skal standa í sama stað sem vígð er, ef það má fyrir skriðum, eða vatnagangi, eða eldsgangi, eða ofviðri, eða héruð eyði að úr afdölum eða útströndum. Það er rétt að færa kirkju, ef þeir atburðir verða... Ef kirkja er upp tekin mánuði fyrir vetur, eða lestist hún svo, að hún er ónýtt, og skulu lík og bein færð á braut þaðan fyrir veturnætur hinar næstu. Til þeirrar kirkju skulu færa lík og bein, sem biskup lofar gröft að. Þar er maður vill bein færa, og skal landeigandi kveðja til búa níu og húskarla þeirra, svo sem til skipsdráttar, færa bein...þeir skulu hefja gröft upp í kirkjugarði

⁸⁰ Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson 1996:132.

⁸¹ Steinunn Kristjánsdóttir 1994:45.

⁸² Magnús A. Sigurgeirsson 1997.

⁸³ Steinunn Kristjánsdóttir 1997:45.

utanverðum og leita svo beina, sem þeir myndu fjár, ef von væri í garðinum”.⁸⁴

Brot á lögum þessum varðaði sektum:

*“Ef landeigandi lætur eigi færa bein svo sem mælt er, eða fara menn eigi til þeir er kvaddir eru, og verður hver þeirra sekur þrem mörkum...”*⁸⁵

Þessi þáttur laganna er talinn hafa verið skrifaður um 1130.

Til eru margar frásagnir í rituðum heimildum um flutning kirkna og því sem tilheyrði þeim. Flestar frásagnirnar eru huldar þjóðsagnablæ⁸⁶ en vart þarf að efast um að ákæðum Grágásar var hlýtt. Það hafa fornleifafræðilegar rannsóknir sýnt fram á, t.d. rannsóknin á kirkjunni á Stöng í Þjórsárdal. Í kirkjugarðinum umhverfis kirkjuna þar fundust nokkrar grafir sem innihéldu einungis smábein, eins og kjúkur og handarbein.⁸⁷ Greinilegt er að beinagrindurnar hafa verið fluttar burtu en smábeinin orðið eftir. Talið er að hætt hafi verið að nota kirkjuna á Stöng á 12. öld.⁸⁸

Mannabeinin, sem fundust í *gryfjunni* við rústina á Geirsstöðum, geta talist ein helsta sönnun þess að rústin sé aflögð kirkja. Erfitt er að skýra tilkomu þeirra á þessum stað á annan hátt. Þar fannst þó aldrei heil beinagrind af manni, heldur örfá smábein. Gryfjan var í grafarstærð, um 2 metra löng og 1 ½ metri á breidd. Hún var vel afmörkuð en í henni var rótaður jarðvegur. Í botni hennar var fitulag eins og oft finnst við uppgröft á fornum gröfum.

Hafi hin meinta kirkja á Geirsstöðum lagst af eftir að lögin tóku gildi, hljóta öll bein og kirkjumunir hafa verið fluttir þaðan og í næstu kirkju þegar hún lagðist af. Þetta skýrir hvers vegna það fundust einungis smábein af beinagrindum manna í umræddri gryfju og ekki einn einasti gripur í rústinni við rannsóknina. Við þetta er því að bæta að vegna þessara sérstæðu laga um flutning elstu kirkna hlýtur yfirleitt að reynast erfitt að finna kirkjur frá fyrstu öldum íslenskrar kirkjusögu.

Með *útliti byggingarinnar* er átt við stærð hússins og ekki síst kórinn, sem var byggður út úr aðalbyggingunni. Arkitektinn Hjörleifur Stefánsson hefur gert ítarlega rannsókn á kirkjubyggingum, með hjálp frá rituðum heimildum og niðurstöðum fornleifarannsóknna á Íslandi og í nágrannalöndunum. Hann hefur bent á að í Noregi var hinn rómanski stíll kirkjubygginga langalgengastur á fyrstu árum kristni þar í landi.⁸⁹ Helstu einkenni rómansks stíls felast í því að kór kirknanna er minni en kirkjuskipið sjálft.⁹⁰

Hjörleifur bendir jafnframt á að stillinn hljóti einnig að hafa verið allsráðandi á Íslandi og telur að langflestar þeirra kirkna, sem risu á fyrstu öld kristni hérlendis, hafi verið litlar og einfaldar heimiliskirkjur byggðar í rómönskum stíl. Þeim hefur iðulega verið skipt í tvö rými, framkirkju og kór. Hjörleifur telur að hinn rómanski stíll hafi verið ráðandi í kirkjubyggingum út 16. öldina en eftir það verður algengara að kórinn sé jafn breiður kirkjuskipinu. Kórinn er þá hafður í innsta hluta kirkjunnar, sem öll er af sömu stærð innst sem yst. Máli sínu til stuðnings tekur hann kirkjuna á Stöng.⁹¹

Við þetta er að bæta að Vilhjálmur Örn, sem rannsakaði kirkjuna á Stöng, bendir á að grunnur kirkjunnar þar líkist mjög öðrum samtíma kirkjum, sem hafa verið

⁸⁴ Jón Steffenssen 1975:151.

⁸⁵ Jón Steffenssen 1975:151.

⁸⁶ Jón Steffenssen 1975:152-157.

⁸⁷ Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson 1996:126-129.

⁸⁸ Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson 1996:129-130.

⁸⁹ Hjörleifur Stefánsson 1997:28.


⁹⁰ Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson 1996:129, Hjörleifur Stefánsson 1997:28.

⁹¹ Hjörleifur Stefánsson 1997:28.

rannsaðar við Norður-Atlantshafið. Hann tekur kirkjur í Brattahlíð á Grænlandi, í Sandi í Færeyjum og í Derness á Orkneyjum sem dæmi til samanburðar. Það sem helst skilur þessar kirkjur að í útliti er byggingarefnið og stundum stærð þeirra.⁹² Yfirleitt virðist eini afgerandi munurinn á elstu kirkjunum í Skandinavíu og á Íslandi einmitt felast í byggingarefni þeirra. Á Íslandi voru svo að segja allar byggingar, að kirkjubyggingum meðtöldum, gerðar úr torfi, eða torfi og grjóti. Í Skandinavíu voru kirkjurnar í fyrstunni byggðar úr timbri og síðar úr steini.

Þessi atriði varðandi stíl elstu kirkna á norðurslóðum hafa fleiri fræðimenn bent á. Olaf Olsen segir að elstu kirkjur í Skandinavíu hafi verið litlar, réttthyrntar og með minni byggingu, kór, við gaffinn sem snéri í austur. Í lítið stærri kirkjum var þakið borið af stoðum sem stóðu í tvöfaldri röð í gólfi kirkjunnar.⁹³ Samkvæmt rannsóknum Olafs var kórinn oft með rúnuðum hornum.⁹⁴ Þessi lýsing kemur vel heim og saman við byggingarlag rústar I á Geirsstöðum, þ.e. kórinn, gerð hans og stoðaraðirnar í gólfinu.

Hvað varðar *legu* kirkjunnar á Geirsstöðum, þá lá hún nákvæmlega í höfuðáttirnar *austur - vestur*, eins og reglur um áttahorf kirkjubygginga kveða á um. Rústir annarra bygginga á bænum lágu yfirleitt ekki í höfuðáttirnar. Skálinn liggur t.d. í norðaustur-suðvestur. Þetta getur verið vísbending um að ákveðnum reglum hafi verið fylgt við gerð þessa eina húss. Olaf Olsen bendir á að kórinn hafi ætíð verið hafður á austurgafli kirkna og inngangur á þeim vestri.⁹⁵ Kirkjan á Geirsstöðum hefur verið byggð þannig. Kirkjan, sem fannst á Stóru-Borg, lá einnig í þessar áttir. Framhlið hennar í vestur og kórinn í austur.⁹⁶ Kirkjurústirnar í Viðey og á Stöng lágu sömuleiðis í höfuðáttirnar, austur - vestur, með kórinn á eystra gaffli.⁹⁷



Mynd 22. Grunnmynd kirkju á Stóru-Borg í Eyjafjallasveit (Mjöll Snæsdóttir 1991:8).

Í sambandi við innri skipan í kirkjum, segir Hjörleifur að kirkjubekkir, í þeirri mynd sem þeir eru nú, hafi ekki þekkt hér á landi fyrr en á 19. öld. Áður hafi þeir verið meðfram veggjum.⁹⁸ Svo virðist sem að kirkjubekkur hafi staðið meðfram nyrðri langvegg kirkjunnar á Geirsstöðum, það er þó mjög óljóst enn sem komið er. Þar

⁹² Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson 1996:132-133.

⁹³ Olaf Olsen 1993:156.

⁹⁴ Olaf Olsen 1993:160.

⁹⁵ Olaf Olsen 1993:156.

⁹⁶ Mjöll Snæsdóttir 1991:8.

⁹⁷ Steinunn Kristjánsdóttir 1994:45, Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson 1996:130.

⁹⁸ Hjörleifur Stefánsson 1997:28.

fannst steinahleðsla sem minnir á bekk eða set. Libby Urqhart, skoski umhverfisfræðingurinn sem vann við uppgröftinn á Geirsstöðum, benti á að í elstu en minnstu kirkjum Skotlands eru bekkir enn hafðir meðfram veggjum.

Síðast en ekki síst bendir samsetning og gerð *gólflagsins* í rúst I á Geirsstöðum sterklega til þess að hér sé um rúst kirkju að ræða. Gólflög húsa geyma iðulega mikilvægustu upplýsingarnar um notkun þeirra. Engin ummerki eldunar á matvælum fundust í gólflagi rústar I á Geirsstöðum eða merki um að húsið hafi almennt verið upphitað, eins og venjulega finnst í gólflögum íveruhúsa. Viðarkolin og askan, sem fundust í grunni rústarinnar, lágu skýrt og greinilega undir gólfluginu. Rétt er að benda á það hér að kirkjur voru sjaldan upphitaðar.

Byggingin getur tæpleg hafa hýst búpening, því gólflög í gripahúsum samanstanda iðulega af taði og skepnufóðri. Þannig var gólflagið í rúst I ekki. Greining á sýnum, sem tekin voru á tveimur stöðum í gólfi rústarinnar, sýndu fram á að gólflagið innihélt hvorki tað né hey. Þar fannst aftur á móti mikið magn af mosajafna (*selaginella*).⁹⁹ Ekki er vitað til þess að reynt hafi verið að nota mosajafna sem skepnufóður, því skepnur éta ekki mosa. Stör eða brok, sem skepnur éta stundum, fannst þó í gólfluginu en í það litlu magni að varla er hér um fóður að ræða.

Hér er örugglega ekki heldur um að ræða rúst geymslu, því engir gripir fundist í henni né kornleifar í gólfinu. Sjaldan var hirt um að tæma geymslur til fulls, þegar hætt var að nota þær. Þess vegna finnast oftast flestir gripir við rannsóknir á aflögðum geymslum. Greiningin á gólfluginu sýndi jafnframt að húsið var ekki í daglegri notkun, því sveppagróður hafði oft og iðulega náð að vaxa þar. Það hefur gerst á milli þess sem húsið var í notkun. Fátt er því um að ræða annað en að rúst I sé leifar af kirkjubyggingu.

Mörk heiðni og kristni

Niðurstöður rannsóknarinnar á Geirsstöðum verða að teljast afar athyglisverðar og hljóta að varpa skýrara ljósi á mótun og þróun kristinnar trúar í landinu. Við upphaf samanburðarvinnu á efni frá Geirsstöðum og gögnum frá rannsökuðum kumlum frá sama landsvæði er hægt að sjá að margt bendir í þá átt að heiðin og kristin trú hafi lifað hlið við hlið, a.m.k. í einhverjum mæli þar, við upphaf kristins tíma. Kuml, sem fannst í Skriðdal haustið 1995, var til dæmis aldursgreint með kolefnisaldursgreiningu til ársins 980 +/-25 ár. Það er að segja til sama tíma og kirkjurústin á Geirsstöðum. Aldursgreiningar á gripum úr kumlinu staðfesta einnig aldur þess en kumlið er eitt af fáum rannsökuðum kumlum á Íslandi sem hefur verið aldursgreint með kolefnisaldursgreiningu.

Minjarnar á Geirsstöðum og í Skriðdal eru líklega úr tveimur ólíkum trúarheimum, heiðni og kristni. Gröfin í Skriðdal var það vel búin ríkulegu haugfé að ekki verður um villst að hún er úr heiðnum sið. Einnig er nokkuð ljóst að á Geirsstöðum stóð kirkja á sama tíma og heiðna grefrunin átti sér stað í Skriðdal. Þetta sýnir að rétt fyrir lögtöku kristni á Íslandi aðhylltust höfðingjar heiðna trú af alhug, svo nærri þeim stað sem kristnin virðist hafa náð að festa rætur.¹⁰⁰

Ríkulega búin kuml frá lokum heiðni hafa einnig fundist í nágrennalöndunum. Fræðimenn hafa túlkað þessi kuml sem tilraunir manna til að endurreisa heiðna trú,

⁹⁹ Upplýsingar frá Erlu B. Kristjánsdóttur, landslagsarkitekt, febrúar 1998.

¹⁰⁰ Steinunn Kristjánsdóttir 1997b:27-29.

sem þá stóð höllum fæti.¹⁰⁰ Vel má vera að Skriðdalskumlið sé íslenskt dæmi um slíka tilraun til endurreisnar hér á landi. Ef svo hefur verið má jafnframt leiða líkur að því að boðun kristinnar trúar hafi ekki gengið árekstralaust fyrir sig.

Af þeim fáu rannsóknum, sem gerðar hafa verið á íslenskum kirkjubyggingum, virðist sem þrjár meginbreytingar hafi átt sér stað í þróun kirkjunnar á fyrstu öldum kristni hérlendis. Breytingarnar geta hugsanlega hafa átt sér stað samkvæmt eftirfarandi skema, sem hér birtist í mikið einfölduðu formi.

1. Trúboð hefst þegar við upphaf landnáms á Íslandi. Trúboðið, í fyrstunni, einungis ómeðvitað en síðar einnig skipulagt við hlið þess rétt fyrir kristnitöku. Hið ómeðvitaða trúboð hefur verið í höndum kristinna landnámsmanna en hið eiginlega trúboð í höndum sérstakra trúboða. Kirkjur rísa án skipulags um allt land um og eftir lögtöku kristinnar á Alþingi árið 1000. Kirkjurnar litlar heimiliskirkjur í einkaeign, á mörgum bæjum, þó líkast til helst á stórbýlum. Tákni um meðtöku kristinnar trúar. Dæmi: Kirkjur á Geirsstöðum og á Stöng.
2. Stjórnendur landsins, goðarnir, reyna að koma skipulagi á byggingu kirkna um miðja 12. öld, jafnvel fyrr, með hjálp biskups. Lög sett á um flutning kirkna árið 1133, sem líta má á sem mikilvægan og leiðbeinandi þátt ráðamanna í skipulagsbreytingunni. Kirkjur gerðar að stöðutákni, standa nú nánast eingöngu á jörðum stórbænda og höfðingja. Tíundaskattur settur á í lok aldarinnar, sem hefur úrslitaáhrif á afdrif margra kirkna. Skrá gerð um æskilega kirkjustaði skömmu eftir aldamótin 1200. Sóknir og sóknarkirkjur taka á sig mynd. Dæmi: Stóra-Borg.
3. Festa kemst á skipulag kirkjunnar á 13. öld. Skipulag hennar í höndum stjórnvalda og biskups. Sóknir og kirkjur í föstu formi. Dæmi: Sóknir og sóknarkirkjur sem standa enn í dag á Íslandi.

Þessir þrjú þættir, sem greint er frá hér að ofan, eru engan veginn fastmótaðir vegna þess hve rannsóknir á þróun kirkjunnar í landinu eru skammt á veg komnar. Á skýrsluhöfundur þar aðallega við fornleifafræðilegan þátt rannsókna af þessu tagi. Ritaðar heimildir hafa verið rannsakaðar ítarlega hvað þetta varðar en þar sem ritaðar samtímaheimildir, frá þessum upphafs- og mótunarárum kristinnar trúar hér á landi, eru af afar skornum skammti hljóta fornleifarnar að vera nauðsynlegar þeim til stuðnings. Fornleifarnar geyma einu upplýsingarnar um sinn samtíma, því okkar elstu rituðu heimildir eru skráðar á 12. öld og síðar eftir munnlegri geymd.

¹⁰⁰ Else Roesdahl 1997:230-231.

Samantekt

Sumarið 1997 var grafin upp rúst af lítilli kirkju á Geirsstöðum í Hróarstungu. Kirkjan hefur verið um 5 x 3 metrar á stærð, auk viðbyggingar eða kórs sem stóð út úr austari gafli hennar. Kórinn, sem var nánast jafn á allar hliðar, mældist 1,5 x 1,5 metrar á stærð. Kirkjan var byggð úr torfi og grjóti en framhlið og inngangur úr timbri. Engir gripir fundust við uppgröft á rústinni en við syðri langvegg hennar fannst gryfja með smábeinum úr manni.

Undir kirkjunni fundust fjórar kolagryfjur, sem trúlega hafa verið notaðar til járnvinnslu. Þær benda til þess að kirkjan hafi verið reist á grunni smiðjubyggingar. Smiðjan hefur verið reist fljótlega eftir að landnámsgjóskan féll um 870 og henni breytt í kirkju seint á 10. öld. Það er einnig greinilegt hún hefur verið lögð af á 12. öld.

Við rannsóknina á Geirsstöðum sumarið 1997 gafst tími til að kanna nánasta umhverfi kirkjunnar. Þá kom í ljós að kirkjan stóð á stóru bæjarstæði, girtu með túngarði. Innan túngarðsins, um 100 metrum sunnan við rústina, fannst stór skálarúst með viðbyggingum. Könnunarskurðir voru teknir bæði í túngarðinn og í skálarústina til að kanna aldur og tengsl allra minjanna innbyrðis. Skurðirnir sýndu að kirkjurústin, skálarústin og túngarðurinn hafa öll verið reist á sama tíma.

Samkvæmt ofansögðu var Geirsstaðir í Hróarstungu mjög stór bær, jafnvel stórbýli höfðingja, sem var í byggð á landnáms- og söguöld. Flestir fræðimenn eru sammála um að fyrstu kirkjur landsins hafi verið reistar mjög víða, aðallega á stórbýlum, um og eftir kristnitöku á Alþingi árið 1000. Þó er hvorki vitað fyrir víst hvar kirkjurnar risu fyrst, né hvernig þær litu út eða hvaða greftrunarsíðir tíðkuðust á þessum tíma. Enginn eiginlegur kirkjugarður fannst við rústina á Geirsstöðum en þar fundust samt mannabein og þá um leið merki um einhvers konar greftrun á staðnum.

Af niðurstöðum rannsóknarinnar má ráða að Geirsstaðir í Hróarstungu hafi farið í eyði á 12. öld og hafi þar staðið kirkja hefur hún þá einnig lagst af á þessum tíma. Í Kristinna Laga þætti Grágásar, sem er skráður um 1130, koma fram ákvæði um flutning kirkna. Þar kemur skýrt fram að ekki mátti leggja kirkjur og kirkjugarð þeirra af heldur skyldi allt flutt, þar á meðal öll bein, til næstu kirkju ef svo bæri undir. Brot á ákvæðum þessum varðaði þungum sektum. Svo virðist sem kirkjan og kirkjugarðurinn á Geirsstöðum hafi verið flutt burtu, samkvæmt reglum þessa tíma. Við flutninginn hefur allt verið hreinsað af staðnum en eftir hafa orðið smábein beinagrindanna. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem slíkur fornleifafundur er gerður, því í kirkjugarði Stangarbýlisins í Þjórsárdal fundust einnig aðeins kjúkur og handarbein í gröfunum umhverfis kirkjuna á staðnum. Kirkjan þar er talin hafa farið í eyði á 12. öld.

Í ljósi þessara niðurstæðna hlýtur sú spurning að vakna hvort ekki muni reynast erfitt að finna aflagðar kirkjur og kirkjugarða frá fyrstu öldum kristni á Íslandi vegna hinna sérstæðu ákvæða í Grágáslöggunum. Tólfta öldin var mikill umbreytingartími í íslenski kirkjusögu, m.a. vegna setningu tíundarlaganna. Talið er fullvíst að þau hafi valdið víðtækri uppstökkun á milli kirkna, sem fram að þessu höfðu verið reistar án skipulags um allt land. Það var þá sem sóknirnar tóku fyrst á sig einhverja mynd, sem síðan hélst allt til siðaskipta og jafnvel lengur, því margar kirknanna urðu sóknarkirkjur á þessum tíma á meðan aðrar lögðust af.

Eftirmáli

Ég vil nota tækifærið hér og þakka samstarfsmönnum mínum á Geirsstöðum sumarið 1997 fyrir vel unnin störf en einnig fyrir ánægjulegt samstarf. Við tókum samstíga upp þá vinnutilhögun að vinna einn tíma aukalega, dag hvern, frá mánudegi til fimmtudags. Svo gerðum við eitthvað, okkur til skemmtunar og fróðleiks, eftir hádegi á föstudögum í staðinn. Við fórum í margar ferðir, í Húsey, borðuðum á Hótel Svartaskógi, grilluðum náttúrukryddað lambalæri í sérhannaðri holu að sið fornanna og fórum í ógleymanlega fræðsluferð í Galtastaði fram. Þar sáum við dæmi um þá byggingartækni sem líklega var notuð við byggingu húsanna á Geirsstöðum mörgum öldum áður.

Það urðu fleiri atburðir okkur reynsluríkir á meðan á útiveru okkar á Geirsstöðum stóð en grillið, gerð veggja og þaks í íbúðarhúsinu á Galtastöðum. Við þurftum nefnilega að sjá um að kynda upp í kofanum okkar sjálf og hita vatnið í kaffið okkar. Eldiviðinn þurftum við að sækja út í náttúruna í nánasta umhverfi en tókum líka upp á því að bera hann með okkur heiman að í blaðaforni, því það rann upp fyrir okkur hversu auðvelt það hefur verið fyrir forfeður okkar að brenna upp skóga landsins á fáeinum öldum. Bara vegna þess að við fengum okkur kaffitár þrisvar á dag, fimm daga vikunnar í tvo mánuði að sumarlagi, höfðum það á tilfinningunni að við hefðum getað brennt upp heilum Hallormsstaðaskógi til þessa eins á þessum stutta tíma. En við sáum það einnig glögggt að æfingin skapar meistarann, því ef við hefðum ekki haft Pál Þórisson bónda frá Lindarhóli við kolaofninn hefðum við trúlega náð að brenna upp Vaglaskóg líka.

Ég lít svo á að við höfum afrekað miklu með því að moka upp 60 tonnum af mold á tveimur mánuðum, oft í kulda og trekki. Það sem mörgum finnst kannski sérstæðast við alla þessa elju er að við skyldum eingöngu finna tvö bein og eitt brýni á þessum tíma í “tilgangslausum” mokstri á allri þessari mold. Enn höfum við ekki heldur alveg skilið hvers vegna sumir sjálfsboðaliðanna, sem buðu fram vinnu sína, stöldruðu oft aðeins við hjá okkur í einn dag eða komu bara alls ekki. Þetta sýnir kannski að það var áhuginn sem bar okkur að minnsta kosti hálfra leið við verkið og einnig að við litum öðrum augum en aðrir á það sem við fundum við uppgröftinn. Við skráðum nefnilega stórbýlið kirkjubygginguna, skálann og túngarðinn, líka með á fundalistann. Þetta voru einmitt stærstu fundirnir.

Að lokum má minna á að margir telja að fyrstu kirkjur landsins hafi verið reistar í nágrenni við forna helgistaði. Til eru fjölmörg dæmi um að kirkjur standi á stöðum sem bera nafnið Hof eða Hofstaðir. Skýringin á þessu er stundum talin liggja í því að kirkjur risu sennilega fyrst á höfuðbólum goða og höfðingja, eins og áður sagði. Bæjarstæðið á Geirsstöðum í Hróarstungu er gríðarlega stórt, svo stórt að enginn vafi leikur á að á bænum bjó stórbóndi.

Þetta er rakið hér vegna þess að í Fljótsdælu er sagt frá Hróari, syni landnámsmannsins Una danska. Hróar á að hafa búið á Hofi í Tungu. Hof er sagt hafa staðið vestan Lagarfljóts, austan Jökulsár og utan Rangár.¹⁰¹ Í dag er ekki vitað nákvæmlega hvar Hof stóð, hafi býlið nokkurn tíma verið til, en þessi lýsing kemur vel heim og saman við staðsetningu Geirsstaða. Sagan segir að Hróar hafi yfirgefið býli sitt og flutt Hof sitt að Kirkjubæ. Þar hefur verið kirkja frá því um 1200. Hver veit nema að hér sé fundið Hof hvar Hróar bjó, sem Hróastunga er kennd við.

¹⁰¹ Austfirðingasögur 1950:21.

Heimildaskrá

Aage Roussel 1943: Utgrävda gårdar 1939. Stöng. *Forntida gårdar i Island*. Ritstjóri: Márten Stenberger. Köbenhavn.

Austfirðingasögur. MCML (1950). *Íslensk fornrit*. XI. Bindi. Jón Jóhannesson gaf út. Hið íslenska fornritafélag.

Áskell Löve 1977: *Íslensk ferðaflóra*. Jurtabók Almenna bókafélagsins. 2. útgáfa, aukin og endurbætt frá 1970. Reykjavík.

Bjarni F. Einarsson 1994: *The Settlement of Iceland; a critical approach*. Doktorsritgerð frá Gautaborgarháskóla. Gotarc series no. 4. Gothenburg University. Department of Archaeology.

Dagfinn Skre 1995: Kirken for sognet. Den tidligaste kirkeordningen i Norge. *Kristendomen slår rot. Onsdagskvelder i Bryggens Museum*. Nr. X. Bergen.

Else Roesdahl 1997: Cultural Change - Religious Monuments in Denmark c. AD 950-1100. Í *Rom und Byzanz im Norden*. Bindi I. Ritstjóri: Michael Müller-Wille. Stuttgart.

Gísli Gestsson 1982: Brugen af sten og torv i de islandske huse fra landnamstid til nyere tid. *Vestnordisk byggeskikk gjennom to tusen år. AmS- skrifter 7*. Stavanger.

Guðmundur Ólafsson 1980: Grelutóttir. Landnámsbær á Eyri við Arnarfjörð. *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1979*. Ritstjóri: Kristján Eldjárn. Reykjavík

Helgi Þorláksson 1997: Sögulegur inngangur. *Kirkja og kirkjuskrúð*. Ritstjóri: Lilja Árnadóttir og Ketil Kiran. Reykjavík.

Hjalti Hugason 1996: *Upphaf kristni og kirkju til 1150*. Saga kristni á Íslandi í 1000 ár. Handrit frá 30. janúar 1996.

Hjörleifur Stefánsson 1997: Íslenskar miðaldakirkjur. *Kirkja og kirkjuskrúð*. Ritstjórar: Lilja Árnadóttir og Ketil Kiran. Norsk Institutt for Kulturminneforskning og Þjóðminjasafn Íslands.

Kristján Eldjárn 1948: Eyðibýli á Hrunamannaafrétti. *Gengið á reka. Tólf fornleifabættir*. Reykjavík.

Kristján Eldjárn 1956: *Kuml og haugfé i heiðnum sið á Íslandi*. Doktorsritgerð.

Kristján Eldjárn 1974: Kirkjurúst á Krossi á Skarðströnd. *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1973*. Ritstjóri: Kristján Eldjárn. Reykjavík.

Íslenskt fornbréfasafn. XIII bindi. 1555-1562. Hið íslenska bókmenntafélag. 1933-1939. Félagsprent. Reykjavík.

Íslenskur söguatlas. 1990. 1. bindi. Frá öndverðu til 18. aldar. Ritstjórar: Árni Daníel Júlíusson, Jón Ólafur Ísberg og Helgi Skúli Kjartansson. Almenna bókafélagið.

Jónas Jónasson 1961: *Íslenskir þjóðhættir*. Þriðja útgáfa. Einar Ól. Sveinsson bjó undir prentun. Ísafoldarprentsmiðja.

Jón Steffenssen 1975: *Menning og meinsemdir*. Ritgerðasafn um mótunarsögu íslenskrar þjóðar og baráttu hennar við hungur og sóttir. Sögufélagið.

Margrét Hermanns-Auðardóttir 1989: *Íslands tidiga bosättning*. Doktorsavhandling. Umeå Universitet. Institutionen för arkeologi.

Mjöll Snæsdóttir 1991: *Stóra-Borg. Fornleifarannsókn 1978-1990*. Sýningaskrá vegna sýningar í Bogasal Þjóðminjasafns Íslands júlí - nóvember 1991.

Olof Olsen 1993: Kristendommen og kirkene. *Viking og Hvitekrist. Norden og Europa 800-1200*. Den 22. Europarådsudstilling. Katalog. Önnur útgáfa. København.

Sheridan Bowman 1995: *Radiocarbon dating*. Interpreting the past. Britishmuseum. Önnur útgáfa.

Steinunn Kristjánsdóttir 1994: *Klaustureyjan á Sundum. Árbók hins íslenska fornleifafélags 1993*. Ritstjóri: Mjöll Snæsdóttir.

Steinunn Kristjánsdóttir 1996: *Viðey - trúarheimar mætast*. Áfangaskýrsla Viðeyjarránnsóknna 1995. Skýrslur Árbæjarsafns. Reykjavík.

Steinunn Kristjánsdóttir 1997: *Landnámsbær, kirkja, rétt...Fornleifafræðileg könnun á sjö fornum rústum á Fljótsdalshéraði*. Skýrslur Minjasafns Austurlands II.

Steinunn Kristjánsdóttir 1997b: *Á mörkum heiðni og kristni. Gott áttu hrísla*. Blað Rotarýklúbbs Héraðsbúa. Júní 1997.

Sveinbjörn Rafnsson 1970: *Kirkja. Varmá í Mosfellssveit. Árbók hins íslenska fornleifafélags 1969*. Ritstjóri Kristján Eldjárn.

Sveinn Víkingur 1970: *Getið í eyður sögunnar*. Kvöldvökuútgáfan. Reykjavík.

Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson 1996: *Gård og kirke på Stöng i Þjórsárdalur. Nordsjøen - Handel, religion og politikk*. Karmöyseminaríet 94/95.

Þór Magnússon 1973: *Sögualdarbyggð í Hvítárholti. Árbók hins íslenska fornleifafélags 1972*. Ritstjóri: Kristján Eldjárn. Reykjavík.

Þorbjörn Á. Friðriksson og Margrét Hermanns-Auðardóttir 1992: *Ironmaking in Iceland. Í Bloomery making during 2000 years*. Ritstjóri: Arne Aspelund. Budalseminaret. Trondheim.

Skýrslur og skjöl

Eva Elvira Klonowski 1996: *Skýrsla um greiningu beins vegna rannsóknar rústa á Fljótsdalshéraði*. Skjalasafn Minjasafns Austurlands.

Eva Elvira Klonowski 1997: *Lýsing á beinum úr fornminjafundinum*. Skýrsla Dr. Evu Elviru Klonowski frá 25. Júlí, 1997. Skjalasafn Minjasafns Austurlands.

Magnús A. Sigurgeirsson 1997: *Fornleifarannsókn að Geirsstöðum í Hróarstungu sumarið 1997 -greining gjóskulaga-*. Greinargerð 9702. Skjalasafn Minjasafns Austurlands.

Munnlegar heimildir

Erla B. Kristjánsdóttir, landslagsarkitekt og byggingarfulltrúi Grundarfjarðarbæjar. Upplýsingar um plöntur sem greindust í gólflagi rústar I. Febrúar 1998.

PhD. Kerstin Griffin, forstekonservator á Arkeologisk Museum í Stavanger. Upplýsingar um bráðabirgðaniðurstöður á greiningum gólflagssýna. Febrúar 1998.

Dr. Kristín Huld Sigurðardóttir, prófessor, Óslórháskóla. Upplýsingar um járnvinnslu á fyrstu öldum byggðar á Íslandi. Febrúar 1998.

Dr. Margét Hermanns-Auðardóttir, fornleifafræðingur, Háskóla Íslands. Upplýsingar um niðurstöður kolefnisaldursgreininga frá Geirsstöðum. Desember 1997.

Dr. Ólafur Eggertsson, jarðfræðingur og forstöðumaður á greiningarstofunni Laboratory for Wood, Anatomy and Dendrocronology í Lundi í Svíþjóð. Febrúar 1998.

Páll Pálsson frá Aðalbóli í Hrafnkelsdal. Ábendingar um staðsetningu og nafn á bæjarstæði Geirsstaða. Mars 1996.

Fylgiskjöl

Jarðlagaskrá

Eins og fram kom í öðrum kafla skýrslunnar fengu allar jarðvegsbreytingar í rústinni sitt eigin númer til aðgreiningar. Jarðlögin voru auðkennd með bókstafnum J og hlaupandi númeri frá 1-n. Hér á eftir fylgir skrá yfir jarðlögin, svo og lýsing á hverju þeirra fyrir sig.

| Nr. | Lýsing: |
|------|--|
| J 1 | Tvö dökk gjóskulög, sem lágu yfir samfelld yfir allri rústinni í tveimur lögum. Það efra, allt að 5 cm þykkt sumstaðar. Greint sem gjóska frá Veiðivötnum árin 1410 og 1477 af Magnúsi Sigurgeirssyni. |
| J 2 | Ljóst gjóskulag (grátt). Greinanlegt yfir nánast allri rústinni. Mjög þykkt sumstaðar, allt að 8 cm í dældum og lautum. Hefur greinilega blásið af á blettum. Greint sem gjóska úr Óræfajökli árið 1362 af Magnúsi Sigurgeirssyni. |
| J 3 | Torf. Óregluleg hleðsla, hrun úr þaki og af veggjum. Með vatnsnúnum smásteinum. |
| J 4 | Fokmold yfir rúst. Óhreyft jarðlag, sem lagst hefur á rústirnar eftir að notkun hennar var hætt. Fannst á milli gjóskulaganna J 1 og J 2, svo og á milli gjóskunnar og rústarinnar. |
| J 5 | Forsöguleg gjóska, sennilega frá gosi úr Heklu. Tvö lög, frá tveimur mismunandi tímum en úr sömu gosstöð. |
| J 6 | Ljóst gulbrúnt lag, blandað forsögulegri gjósku. Fylling í langveggjum og hliðarveggjum kórs. Greinilega mokað úr húsinum innanverðu til uppfyllingar og einangrunar í veggina. |
| J 7 | Viðaraska og kol á afmörkuðu svæði sunnan við og á rúst. Leifar frá bruna, um og eftir að notkun hússins var hætt. |
| J 8 | Sama og J 6. |
| J 9 | Gjóska frá árinu 870 eða 871. Hin svokallaða Landnámsgjóska. Greint af Magnúsi Sigurgeirssyni. |
| J 10 | Óhreyfður jarðvegur undir rúst. Jarðvegurinn sem húsið var byggt á. |
| J 11 | Rótaður jarðvegur utan rústar, vegna ferða manna við bygginguna þegar hún var í notkun. |
| J 12 | Torf í strengjum, torfhleðsla-veggir. |
| J 13 | Rótað torf, blandað fokmold. Utan við rúst. Líkist J 11. |
| J 14 | Afmörkuð gryfja, sunnan við rúst. Jarðvegur blandaður smásteinum, rauðamöl og beinflísun. Hvítir flekkir víða áberandi. |
| J 15 | Gólflag rústar. Ljósbrúnt, vel þjappað lag. Engin kol eða aska greinanleg. |
| J 16 | Brunalag; kol, aska, gjall og járn, afmarkað á fjórum stöðum undir gólflagi rústarinnar. |
| J 17 | Fitugt, klesst, ljóstgult lag með grárrí áferð, neðst í gryfju. Undir J 14. |
| J 18 | Holufyllingar. Fyllt í þrjár holur, undir gólflagi austarlega í rúst, með torfblöndu. |
| J 19 | Fitugt ljósbrúnt lag meðfram lágri steinahleðslu fyrir framan rúst að sunnanverðu. Gæti verið sama og J 17. Hefur þá runnið úr gryfju. |
| J 20 | Afmarkaður móöskuflekkur fyrir framan rúst. Ljósbrún, rauðleit aska blönduð litlum kolabítum. Yfir kolagryfju nr. 4. |
| J 21 | Blanda af fokmold (J 4) og rótuðum jarðvegi (J 3 / J 11). Í jarðlaginu örlar á J 19; ljósbrúnu fitulagi. |
| J 22 | Rótaður jarðvegur, líkur J 11, afmarkaður með kolarönd og ösku. Yfir kolagryfju 4. |
| J 23 | Stígur. Þjappaður jarðvegur úr rótuðu torfi. Á afmörkuðu aflöngu svæði vestan við syðri langvegg rústar. Gönguleið frá rúst í átt að langhúsbyggingu. |

Ljósmyndaskrá

Mikilvægt er að taka ljósmyndir af hverju teiknilagi við uppgröft og jafnframt af hverskyns breytingum sem verða á jarðlögum. Einnig er nauðsynlegt að taka myndir af gripum eða sérstökkum fundum "in situ". Gæði myndanna er þó alltaf mismunandi og oft erfitt að taka góðar myndir af jarðlögum.

Við uppgröftinn á Geirsstöðum voru aðallega teknar slidesmyndir. Ætlunin var að taka einnig s/h myndir en myndavélin, sem var ætluð til þess, bilaði strax á fyrsta degi rannsóknarinnar. Þeir, sem ráðnir voru við uppgröftinn á Geirsstöðum, skiptust á við taka myndir en sérstakur ljósmyndari, Sigurður Mar Halldórsson, var fenginn til að mynda beinafundi eftir að uppgreftri lauk.

Hér á eftir er birtur listi yfir ljósmyndirnar sem teknar voru við rannsóknina sumarið 1997. Myndirnar eru 330 talsins.

| Númer | Myndefni | Ljósmyndari |
|----------|--|-------------|
| F97/2-1 | Teiknilag 1N. X18-21, Y18-28. Í austur. | Steinunn |
| F97/2-2 | Teiknilag 1N. X21-23, Y18-28. Í austur. | Steinunn |
| F97/2-3 | Teiknilag 1N. X23-25, Y18-28. Í austur. | Steinunn |
| F97/2-4 | Teiknilag 1N. X25-27, Y18-28. Í austur. | Steinunn |
| F97/2-5 | Teiknilag 1N. X27-30, Y18-28. Í austur. | Steinunn |
| F97/2-6 | Teiknilag 1N. X16-30, Y18-20. Í suður. | Steinunn |
| F97/2-7 | Teiknilag 1N. X16-30, Y18-20. Í suður. | Steinunn |
| F97/2-8 | Teiknilag 1N. X16-30, Y20-22. Í suður. | Steinunn |
| F97/2-9 | Teiknilag 1N. X16-30, Y22-24. Í suður. | Steinunn |
| F97/2-10 | Teiknilag 1N. X16-30, Y26-28. Í suður. | Steinunn |
| F97/2-11 | Teiknilag 1N. X20-24, Y18-28. Í vestur. | Steinunn |
| F97/2-12 | Ónýt. | Steinunn |
| F97/2-13 | Yfirlitsmynd af skúrþaki í suður. Rannsóknarsvæði rústar I. | Sherry |
| F97/2-14 | Teiknilag 3N. X25-27, Y18-28. Í vestur. Málband á X 26. | Steinunn |
| F97/2-15 | Teiknilag 3N. X25-27, Y18-28. Í austur. Málband á X 26. | Steinunn |
| F97/2-16 | Teiknilag 3N. X25-27, Y18-28. Í vestur. Málband á X 26. | Steinunn |
| F97/2-17 | Teiknilag 4N. X19-21, Y19-23. Í vestur. | Howell |
| F97/2-18 | Teiknilag 5N. X25-27, Y18-28. Í vestur. Málband á X 26. | Steinunn |
| F97/2-19 | Teiknilag 5N. X25-27, Y18-28. Í austur. Málband á X 26. | Steinunn |
| F97/2-20 | Teiknilag 6N. Í austur. | Howell |
| F97/2-21 | Sama | Howell |
| F97/2-22 | Teiknilag 7N. X25-27, Y 23-28. Í vestur. | Þórunn |
| F97/2-23 | Teiknilag 7N. X25-27, Y 23-28. Í austur. | Þórunn |
| F97/2-24 | Teiknilag 8N. Í austur. | Sherry |
| F97/2-25 | Sama | Sherry |
| F97/2-26 | Teiknilag 9N. X25-27, Y23-28. Í vestur. Mælistöng á X 28. Gjósकुflekkir áberandi næst ljósmyndara. | Steinunn |
| F97/2-27 | Teiknilag 9N. X25-27, Y23-28. Í vestur. Mælistöng á X 26. | Steinunn |
| F97/2-28 | Vinumynd. Unnið við gröft á rúst I. Tekin í suður. | Steinunn |
| F97/2-29 | Teiknilag 9S. Málband á X21. | Steinunn |
| F97/2-30 | Teiknilag 11N. X27-30, Y23-28. Í vestur. Mælistöng á X28. | Þórunn |
| F97/2-31 | Teiknilag 11N. X25-27, Y23-28. Í vestur. Mælistöng á X26. | Þórunn |
| F97/2-32 | Teiknilag 10N. Í austur. | Howell |
| F97/2-33 | Teiknilag 10N. Í austur. | Howell |
| F97/2-34 | Teiknilag 11S. X19-22, Y23-28. Í austur. Mælistöng á 21. | Þórunn |
| F97/2-35 | Teiknilag 11S. X19-22, Y23-28. Í austur. Mælistöng á 21. | Þórunn |

| | | |
|----------|--|--------|
| F97/2-36 | Teiknilag 12N. Í austur. | Howell |
| F97/2-37 | Teiknilag 13N X27-30, Y23-28. Í austur. | Þórunn |
| F97/2-38 | Teiknilag 13N X27-30, Y23-28. Í vestur. | Þórunn |
| F97/4-1 | Teiknilag 13S X19-22, Y23-28. Í austur. | Þórunn |
| F97/4-2 | Teiknilag 12S. Í austur. | Sherry |
| F97/4-3 | Sama | Sherry |
| F97/4-4 | Teiknilag 15N X25-27, Y23-28. Í austur. | Þórunn |
| F97/4-5 | Teiknilag 15N X27-30, Y23-28. Í austur. | Þórunn |
| F97/4-6 | Vinnumynd, tekin í austur. Rúst I. | Þórunn |
| F97/4-7 | Vinnumynd, tekin í suður. Rúst I. | Þórunn |
| F97/4-8 | Vinnumynd, tekin í vestur. Rúst I. | Þórunn |
| F97/4-9 | Teiknilag 14N. Í austur. | Howell |
| F97/4-10 | Teiknilag 15S X25-27, Y23-28. Í austur. Mælistöng á X21. | Þórunn |
| F97/4-11 | Teiknilag 15S X21-25, Y23-28. Í austur. Mælistöng á X21. | Þórunn |
| F97/4-12 | X24-25. Í austur. | Þórunn |
| F97/4-13 | X24-25. Í vestur. | Þórunn |
| F97/4-14 | X24-26. Í vestur. | Þórunn |
| F97/4-15 | X27-30. Í vestur. | Þórunn |
| F97/4-16 | X26-28. Í vestur. | Þórunn |
| F97/4-17 | Teiknilag 14S. Í austur. | Sherry |
| F97/4-18 | Teiknilag 14S. Í austur. | Sherry |
| F97/4-19 | Teiknilag 14S. Í austur. | Sherry |
| F97/4-20 | Teiknilag 17S. X19-22, Y23-28. Í austur. | Þórunn |
| F97/4-21 | Teiknilag 17S. X18-23, Y23-28. Í norður. | Þórunn |
| F97/4-22 | Teiknilag 17S. X21-24, Y23-28. Í austur. | Þórunn |
| F97/4-23 | Teiknilag 17N. X24-26, Y23-28. Í austur. | Þórunn |
| F97/4-24 | Teiknilag 17N. X26-28, Y23-28. Í austur. | Þórunn |
| F97/4-25 | Teiknilag 17N. X28-30, Y23-28. Í austur. | Þórunn |
| F97/4-26 | Teiknilag 16N. Í austur. | Howell |
| F97/4-27 | Teiknilag 16N. Í austur. | Howell |
| F97/4-28 | Teiknilag 19S. X19-21, Y23-28. Í austur. | Þórunn |
| F97/4-29 | Teiknilag 19S. X18-20, Y23-28. Í austur. | Þórunn |
| F97/4-30 | Teiknilag 19S. X18-22, Y23-28. Í austur. | Þórunn |
| F97/4-31 | Vinnumynd. Í austur. | Þórunn |
| F97/4-32 | Teiknilag 19N. X21-25, Y23-28. Í austur. | Þórunn |
| F97/4-33 | Teiknilag 16S. Í austur. | Howell |
| F97/4-34 | Teiknilag 21N. X24-26, Y23-28. Í austur. | Þórunn |
| F97/4-35 | Teiknilag 21N. X26-28, Y23-28. Í austur. | Þórunn |
| F97/4-36 | Teiknilag 21S. X18-20, Y23-28. Í austur. | Þórunn |
| F97/6-1 | Teiknilag 21S. X120-23, Y23-28. Í austur. | Þórunn |
| F97/6-2 | Teiknilag 21N. X23-25, Y23-28. Í austur. | Þórunn |
| F97/6-3 | Teiknilag 18N. Í austur. | Libby |
| F97/6-4 | Teiknilag 18N. Í austur. | Libby |
| F97/6-5 | Teiknilag 18S. Í austur. | Howell |
| F97/6-6 | Teiknilag 18S. Í austur. | Howell |
| F97/6-7 | Teiknilag 23S. X18-21, Y23-28. Í vestur. | Þórunn |
| F97/6-8 | Teiknilag 23S. X21-23, Y23-28. Í vestur. | Þórunn |
| F97/6-9 | Teiknilag 23N. X23-25, Y23-28. Í vestur. | Þórunn |
| F97/6-10 | Teiknilag 22S. Í austur. | Sherry |
| F97/6-11 | Teiknilag 25N+S. X24-26, Y23-28. Í austur. | Þórunn |
| F97/6-12 | Teiknilag 25N+S. X24-26, Y23-28. Í austur. | Þórunn |
| F97/6-13 | Teiknilag 22N. Í austur. | Sherry |
| F97/6-14 | Vinnumynd. | Sherry |
| F97/6-15 | Teiknilag 25N+S. X22-24. Y23-28. Í austur. | Þórunn |
| F97/6-16 | Teiknilag 25N+S. X18-22. Y23-28. Í austur. | Þórunn |

| | | |
|----------|--|----------|
| F97/6-17 | Vinnumynd. "Moldvörpur" á Geirsstöðum. | Steinunn |
| F97/6-18 | Vinnumynd. "Moldvörpur" á Geirsstöðum. | Steinunn |
| F97/6-19 | Vinnumynd. "Moldvörpur" á Geirsstöðum. | Steinunn |
| F97/6-20 | Teiknilag 24N. Í austur. | Libby |
| F97/6-21 | Teiknilag 27N+S. X23-25, Y23-28. Í austur. | Þórunn |
| F97/6-22 | Teiknilag 27N+S. X23-25, Y23-28. Í austur. | Þórunn |
| F97/6-23 | Teiknilag 27N+S. X23-25, Y23-28. Í austur. | Þórunn |
| F97/6-24 | Teiknilag 27N+S. X23-25, Y23-28. Í austur. | Þórunn |
| F97/6-25 | Teiknilag 27N+S. X23-25, Y23-28. Í austur. | Þórunn |
| F97/6-26 | Austursnið. X25-30. | Þórunn |
| F97/6-27 | Austursnið. X20-25. | Þórunn |
| F97/6-28 | Austursnið. X18-20. | Þórunn |
| F97/6-29 | Teiknilag 24S. Í austur. | Libby |
| F97/6-30 | Teiknilag 24S. Í austur. | Sherry |
| F97/6-31 | Morkið bein í meintri gröf. Sýni tekin: MA97/18 og 19. | Steinunn |
| F97/6-32 | Nýtt svæði opnað með gröfu í austur. | Steinunn |
| F97/6-33 | Vinnumynd. Unnið við að teikna grafa og opna nýtt svæði. | Steinunn |
| F97/6-34 | Morkin bein. Ca. X19/Y25. Í gryfju. | Howell |
| F97/6-35 | Morkin bein. Ca. X19/Y25. Í gryfju. | Howell |
| F97/6-36 | Teiknilag 29N+S. X22-26, Y 23-28. Í austur. | Þórunn |
| F97/8-1 | Teiknilag 29N+S. X18-22, Y 23-28. Í austur. | Þórunn |
| F97/8-2 | Beinaleifar? Ljóst fitukennt lag í torfum syðri veggjar. | Þórunn |
| F97/8-3 | Torflag í vegg, strengur. | Þórunn |
| F97/8-4 | Teiknilag 26N+S. X23-25. | Libby |
| F97/8-5 | Teiknilag 26N+S. X18-21. | Libby |
| F97/8-6 | Teiknilag 101. Í vestur. | Sherry |
| F97/8-7 | Teiknilag 101. Í vestur. | Sherry |
| F97/8-8 | Morkin bein í meintri gröf. Hæð 18,75m. | Steinunn |
| F97/8-9 | Sama | Steinunn |
| F97/8-10 | Sama | Steinunn |
| F97/8-11 | Sama | Steinunn |
| F97/8-12 | Teiknilag 102. Í austur. | Sherry |
| F97/8-13 | Teiknilag 102. Í vestur. | Sherry |
| F97/8-14 | Teiknilag 102. Í suður. | Sherry |
| F97/8-15 | Teiknilag 31N+S. X18-26, Y23-28. Í suður. | Þórunn |
| F97/8-16 | Gryfja, umgjörð hennar greinileg. Tekin niður í óhreyfðan jarðveg. | Þórunn |
| F97/8-17 | Teiknilag 31N+S. X18-26, Y23-28. Í suður. | Þórunn |
| F97/8-18 | Nýopnað svæði í austur. | Þórunn |
| F97/8-19 | Strengjatorf í vegg. | Þórunn |
| F97/8-20 | Vinnumynd. Í austur. | Þórunn |
| F97/8-21 | Hleðsla við nyrðri langvegg rúst I. Búið að taka efstu röðina af. | Þórunn |
| F97/8-22 | Teiknilag 103. Í austur. | Sherry |
| F97/8-23 | Ónýt. | |
| F97/8-24 | Teiknilag 28N+S. X23-25. | Libby |
| F97/8-25 | Teiknilag 28N+S. X18-21. | Libby |
| F97/8-26 | Teiknilag 33N+S. X22-26, Y23-28. | Þórunn |
| F97/8-27 | Teiknilag 33N+S. X18-22, Y23-28. | Þórunn |
| F97/8-28 | Teiknilag 33N+S. Hleðsla við nyrðri langvegg. | Þórunn |
| F97/8-29 | Teiknilag 104. Í austur. | Sherry |
| F97/8-30 | Ónýt. | |
| F97/8-31 | Ónýt. | |
| F97/8-32 | Ónýt. | |
| F97/8-33 | Ónýt. | |
| F97/8-34 | Ónýt. | |
| F97/8-35 | Ónýt. | |

| | | |
|-----------|---|----------|
| F97/8-36 | Ónýt. | |
| F97/9-1 | Timburleifar X 24-24,8, Y20,9-21.Hæð 18,60. Á mótum J10 og J14. | Steinunn |
| F97/9-2 | Sama | Steinunn |
| F97/9-3 | Sama | Steinunn |
| F97/9-4 | Libby og Howell. | Steinunn |
| F97/9-5 | Páll, Sherry og Þórunn. | Steinunn |
| F97/9-6 | Teiknilag 35N+S. X22-26, Y23-28. Í austur. | Þórunn |
| F97/9-7 | Steinaröð við nyrðri langvegg. Í suður. | Þórunn |
| F97/9-8 | Teiknilag 30N+S. X23-25. | Libby |
| F97/9-9 | Teiknilag 30N+S. X28-31. | Libby |
| F97/9-10 | Teiknilag 105. | Sherry |
| F97/9-11 | Sama. | Sherry |
| F97/9-12 | Sama | Sherry |
| F97/9-13 | Teiknilag 105. Í suður. | Sherry |
| F97/9-14 | Teiknilag 37N+S. X22-26, Y23-28. Í austur. | Þórunn |
| F97/9-16 | Teiknilag 37N+S. X18-22, Y23-28. Í austur. | Þórunn |
| F97/9-17 | Hleðsla við nyrðri langvegg. Gryfja greinileg í suðri. Tekið í suður. | Þórunn |
| F97/9-18 | Teiknilag 37N+S. Yfirlitsmynd. Sjá má gryfju, óhreyft beggja vegna rústar I, vegg hennar og gólf fyrir miðju. | Steinunn |
| F97/9-19 | Teiknilag 32N+S. X23-25. | Libby |
| F97/9-20 | Teiknilag 32N+S. X28-31. | Libby |
